

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr 288

febrúar 2015



Febrúar 2015. Blað nr. 288
THE LION IN ICELANDIC
Fjölumðæmi 109
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:
FJÖLUMDÆMI 109. Tímariðið Lion kemur út sex sinnum á ári.

Lionsskrifstofan, Sóltúni 20, 105 Reykjavík er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 15.00

Sími: 561 3122

Fax: 561 5122

e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Sigríður

Þorvaldsdóttir Kvaran



**FJÖLUMDÆMISRÁÐ
FJÖLUMDÆMIS 109
Starfsárið 2014 – 2015**

Fjölumðæmisstjóri: Tryggvi Kristjánsson Lkl. Dalvíkur.
Umdæmisstjóri 109A: Einar Þórðarson, Lkl. Fjörgyn.
Umdæmisstjóri 109B: Ingimundur G. Andrússon, Lkl. Patreksfjarðar.
Fjölumðæmisritari: Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Emblu.
Fjölumðæmisgjaldkeri: Guðmundur Oddgeirsson, Lkl. Þorlákshafnar

Fráfarandi fjölumðæmisstjóri:

Benjamín Jósefsson, Lkl. Akraness.

Vara fjölumðæmisstjóri:

Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Protokol- og þingstjóri og NSR Coordinator: Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar.

Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar Friðriksson, Lkl. Hængur.

Kynningarstjóri: Benjamín Jósefsson, Lkl. Akraness.

Umhverfisstjóri: Kristófer A.

Tómasson, Lkl. Geysi

Ritstjóri Lion: Porkell Cýrusson, Lkl. Búðardals.

Netstjóri: Skúli Guðmundur Ingvarsson, Lkl. Borgarness.

GLT stjóri (menntun og leiðtogaþjálfun): Halldór Kristjánsson,

Lkl. Ásbirni.

GMT stjóri (útbreiðsl og fjölgun): Guðrún Helga Össurardóttir, Lkl. Seylu.

NSR-AU nefndarmaður: Hrunn Hjaltadóttir, Lkl. Fold.

Heilbrigðisstjóri: Jón

Bjarni Þorsteinsson fyrrv. alþjóðastjórnarmaður, Lkl. Mosfellsbæjar.

Hjálparstjóri: Guðjón Jónsson, Lkl. Seltjarnarness.

Unglingaskiptastjóri: Pálmi Hannesson, Lkl. Garði.

LCIF stjóri, fyrrv. alþjóðastjórnarmaður og ráðgjafi alþjóðaforseta: Guðrún Björt Yngvadóttir Lkl. Eik.

MedicAlert stjóri: Lúdvík Andreasson, Lkl. Tý.

Menningarstjóri: Gerður Jónsdóttir, Lkl. Ylfa.

Formaður Kjaransorðunefndar. Daníel Þórarinnsson, Lkl. Nírði.

Laganefnd (form.): Kristinn Kristjánsson, Lkl. Hveragerði
Lions Quest stjóri: Magnús J. Magnússon, Lkl. Selfoss.

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Halldóra J. Ingibergsdóttir, Lkl. Eik.



Fjölumðæmisstjóri ásamt umdæmisstjórum.

Varaumðæmisstjóri 109A: Jón Pálmason, Lkl. Víðarri.

Varaumðæmisstjóri 109B: Stefán Árnason, Lkl. Vitaðsgjafi.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109A: Gunnar Vilbergsson, Lkl. Grindavíkur.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl. Rán,

N.S. Sankar, A.D. Don Shove, Kembra L. Smith

Dr. Joong -Ho Son
Linda L. Tincer

Framkvæmdastjórn

Lionsshreyfingarinnar 2014 – 2015:

International President: Joseph Preston USA

Immediate Past President: Barry J. Palmer Ástralía

First Vice President: Dr. Jitsuhiro Yamada Japan

Second Vice President: Bob Corlew USA

First Year Directors:

Svein Øystein Berntsen, Jorge Andrés Bortolozzi,

Eric R. Carter

Charlie Chan,

Jack Epperson,

Edward Farrington,

Karla N. Harris

Robert S. Littlefield, Ph.D.

Ratnaswamy Murugan,

Yoshinori Nishikawa,

George Th. Papas,

Jouko Ruissalo,

N.S. Sankar,

A.D. Don Shove,

Dr. Joong -Ho Son

Linda L. Tincer

Second Year Directors

Fábio de Almeida,

Lawrence A. „Larry“ Dicus

Roberto Fresia

Alexis Vincent Gomés

Chynthia B. Gregg,

Byung-Gi Kim

Ester LaMothe

Yves Léveillé

Teresa Mann

Raju V. Manwani

William A. McKinney

Michael Edward Molenda

John Pettis, Jr.

Robert Rettby,

Emine Oya Sebük

Hidenori Shimizu

Dr. Steven Tremaroli

Upplag: 2400 eintök

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.
Forsíðumynd tók Jón Pálmason.

Forsíðumynd: Frá Málþingi um lestrarátakið.

Ritstjórnargrein

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er komið að fjórða blaði starfsársins. Nú fer að stytast í vorið og þingið okkar er á næsta leiti en eins og allir vita þá verður það á Seyðisfirði. Væntanlega er búið að útnefna félaga í embætti fyrir það. Ég skora á alla embættismenn að mæta þar á skólana því það er ómetanlegt að fá þá fræðslu sem fer fram á þinginu.

Leiðtogaskóli Lions á Íslandi stendur nú yfir en hann er tvær helgar 14. og 15. febrúar og 14. og 15. mars og í blaðinu er mynd af þeim föngulega hópi sem þar er. Þar leynast örugglega framtíðarleiðtogar í hreyfingunni á Íslandi.

Næsta blað er væntanlegt um miðjan apríl og er skilafrestur nefndur hér að neðan.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með kveðju, Porkell Cýrusson ritstjóri

Skilafrestur á efni í næsta blað er 2. apríl

Það verður gott að hittast á Hawaii

Pistill frá Alþjóðaforseta

Joesph Preston

alþjóðaforseti



Lionsklúbbarnir voru stofnaðir af einstaklingum með svipaðar skoðanir, sem komu saman í því augnamiði að bæta þjóðfélagið, gera heimabyggðina betri og aðstoða þá sem voru hjálparþurfi. Þessi markmið urðu svo alþjóðleg. Lionsklúbbar eru nú hjá 210 þjóðum

á mismunandi stöðum í heiminum. Einkunnarorð okkar: **Að leggja öðrum lið**, kemur hvergi betur í ljós ásamt mikilli hvatningu, heldur en á Alþjóðafinginu. Vitanlega er þér kunnugt um hvað Lions þýðir, og er að gera á þínum heimaslóðum, en hinsvegar að með því að koma á Alþjóðafingið, þá sérðu hversu stórt og mikilvægt umfangið er hjá Lionsshreyfingunni. Lionsfélagar minnst þess gjarnan hvenær þeir urðu Lionsfélagar, en það var ekki við inntökuna, heldur þegar þeim var ljóst hvaða áhrif þjónusta þeirra hafði, ásamt að leggja öðrum lið. Það eru margt konar viðburðir fyrir Lionsfélagana á Alþjóðafinginu:

Alþjóðlega skruðgangun.
Fánahylling þjóðanna
Grípandi fyrirlestrar og ræður
Upplýsandi námsstefnur
Skemmtiatriði á heimsvísu

Svo getur það hent á rólegu augnabliki, kannski í lyftunni, að þú hittir annan Lionsfélaga sem kannski er frá allt annarri heimsálfu, þá kemur í ljós að þrátt fyrir mismunandi tungumál, menningu og siði, þá

eigið þið meira sameiginlegt en ekki. Á Alþjóðafinginu í Honolulu getum við séð og haldið uppá það sem við höfum afrekað á árinu. Við höldum uppá þjónustuverkefni ykkar, félagafjölgun og leiðtogaþjálfun, ásamt öðru sem hefur aukið skilvirkni klúbbsins. Þarna verðum við í startholunum fyrir atburði á nýju ári. Þið skuluð endilega taka frá viku í júní og njótið fegurðar Hawaii og drekka í sig á sama tíma undur Lionsshreyfingarinnar. Stærsti sameiginlegi viðburður okkar er hið árlega Alþjóðafing. Joni og ég vonumst til að hitta ykkur þar í ár. Við vitum að þið munið minnst þessar atburða það sem eftir er ævinnar.

Joe Preston

Lions Clubs International President

Þýðing: Geir Hauksson

Gleðilegt nýtt ár og takk fyrir það liðna

Tryggvi Kristjánsson

fjölumðæmisstjóri MD 109



Kæru félagar, að mörgu er að hyggja í Lionsstarfinu og er óhætt að segja að hver viðburðurinn taki við af öðrum. Mig óraði ekki fyrir hve viðamikil starf Fjölumðæmisstjóra er, en það er mjög skemmtilegt og gefandi. Nú í febrúar er áfram unnið í

Alþjóðlegu Lionsverkefni, baráttu gegn ólæsi. Lions á Íslandi er með í þessu 10 ára verkefni. Svo hefur Fjölumðæmisstjórn fengið valinkunna félaga okkar til að gera kostnaðar-áætlun við nauðsynlegt viðhald og breytingar á húsnæðinu okkar í Sóltúni 20. Það er orðið mjög aðkallandi að hrinda þeim í framkvæmd, eða gera aðrar ráðstafanir. Um miðjan apríl er Rauðufjaðrarsöfnun, og er nefndin komin á fullt við að skipuleggja söfnunina. Það tekur tíma að koma öllu heim og saman, og funda þau nokkuð reglulega svo allt verði tilbúið í apríl. Umdæmis- og Fjölumðæmisþingið okkar er á Seyðisfirði í maí og hvet ég ykkur kærlega félagar að mæta þangað. Það er mikilvægt að sækja skóla embættismanna, þó heyrir maður alltof oft, ég fór í þennan skóla þegar ég var síðast í stjórn. Það eru miklar breytingar sem hafa átt sér stað, og því nauðsynlegt að fara í skólana. Eins að fá að auki þá fræðslu sem kennararnir miðla, en við eigum kennsluteymi á heimsmælikvarða. Mjög færa einstaklinga sem leggja sig fram um að fræða okkur hin. Leiðtogaskólinn er

byrjaður þetta árið og er það góður skóli fyrir alla í Lions, en þaðan koma framtíðar leiðtogar okkar. Því miður hefur heimasíða okkar (lions.is) legið að mestu leyti niðri, og okkur alls ekki til fyrirmyndar. Við höfum unnið að því að koma heimasíðunni í lag, og vonandi hefst það fyrir þing í vor. Ef kaupa á þessa vinnu við að laga síðuna, er um mikla peninga að ræða. Því erum við að leita annarra leiða, eins og með fá Lionsfélaga í þá vinnu. Lions styrkir mörg verkefni utanlands einnig, svo sem e-bólu faraldurinn, náttúruhamfarirnar í Japan og einnig styrkir Lions hin ýmsu verkefni í gegnum LCIF, Alþjóðlega Hjálparsjóðinn. Ég hvet klúbbana til að leggja fé inn í sjóðinn ef möguleiki er. Góðir félagar, höldum áfram því góða starfi sem Lions á Íslandi er að vinna. Berum Lionsmerkið okkar stolt við öll tilefni, og munið að Lions leggur lið.



Horft um öxl og fram á veginn með jákvæðum huga

Einar Þórðarson

umdæmisstjóri 109A



Fyrr en varir brestur á vor og veturinn er að baki. Fljótlega er komin vortilfinning í loftið og maður hugsar „Ég ætlaði að gera svo mikið í vetur“. Þá er best að draga djúpt andann og vera rólegur. Það er enn tími til að klára verkefni vetrarins.

Nú er rétta augnablikið til að horfa bæði um öxl og fram á veginn; horfa um öxl til að sjá hvort vel hafi til tekist fram að þessu - og fram á veginn til að sjá hvernig á að ná markmiðum vetrarsins. Þetta er einnig rétti tíminn til að setja sér markmið fyrir næsta starfsár; hvert vil ég stefna og hvert vil ég að klúbburinn stefni?

Nýja starfsárið kemur strax í júlí og gott að vera undirbúinn. Ef klúbburinn vill setja sér markmið fyrir næsta vetur, þá er rétti tíminn núna að ákveða þau.

Það er enn tími fyrir námskeið á þessu starfsári, því starfsárinu lýkur ekki fyrir en í lok júní. Gott er að panta námskeið með góðum

fyrirvara. Vinsæl námskeið eins og „Breyting til batnaðar“ (BTB) er skemmtilegt og fær marga félagar til að „vakna af værum blundi“. Klúbburinn gæti breyst úr „rólegum klúbbi“ í „eftirsóknarverðan klubb“, sem er draumur okkar allra. Ég veit að þú vilt að fólk spyrji „Hvernig kemst ég í þennan Lionsklubb?“. Lionsskrifstofan tekur á móti námskeiðspöntunum. Hringdu núna.

Pegar ég horfi um öxl eru nokkur mál mér efst í huga:

- Klúbbaheimsóknir: Þær eru eitt það skemmtilegasta í starfi Umdæmisstjóra. Maður fær tækifæri að hitta Lionsfélaga um land allt, kynnast þeim og þeirra verkefnum. Störf og verkefni klúbba eru mjög fjölbreytt og eiga ýmislegt sameiginlegt, m.a. að leggja góðum málum lið, styðja við sitt samfélag og sína heimabyggð – og hafa gaman saman. Búinn með 24 klúbba fram að þessu. Takk fyrir frábærar móttökur.
- Heimsókn í Lionessklubb Keflavíkur: Klúbburinn er mjög öflugur, með um 50 félagar og góð verkefni. Hann starfar eins og hver annar Lionsklubbur þó hann sé verkefni Lionsklúbbs Keflavíkur. Til upplýsinga: Það eru rúmlega 20 Lionessklúbbar í Evrópu og fjölmargir í öðrum heimsálfum.
- Handbók Umdæmisstjóra: Hún inniheldur starfslýsingar og nöfn allra í umdæmisstjórnnum og fjöllumdæmisráði, praktískar upplýsingar um fundartíma klúbba og margt fleira. Ég vona að þessi handbók nýtist sem flestum í framtíðinni. Hægt verður að fá hana á Lions.is
- OPIÐ HÚS í Lionsheimilinu, fyrsta föstudag í mánuði: Þangað koma félagar alls

staðar að, til að spjalla, fá sér kaffi og kleinur og súpu. Allir afslappaðir að hitta gamla félagar og enginn er að flýta sér. Góð stund til að rabba saman um daginn og veginn. Næsta opna hús verður 6. mars og þá verða „ör-fréttir um Lions“ kl.12:30.

Framundan er:

- 1) Rauð fjöður 17. – 19. apríl: Ég hvet alla Lionsfélaga til að taka saman höndum og undirbúa þetta landsverkefni vel. Söfnunarbaukar, fjaðrir og önnur gögn eru á leiðinni. Takið þessa helgi frá.
- 2) Landsþing Lions á Seyðisfirði, 14.-16. maí: Ég hef heyrt þann misskilning að sá/sú sem hefur farið áður á þing þurfi ekki að fara aftur. Eldri og reyndari geta miðlað af reynslu sinni til yngri félagar. Svo er alltaf eitthvað nýtt á hverju ári. Við vitum að reynsla er eitt það dýrmætasta sem við eigum - og reyndir Lionsfélagar geta miðlað henni. Þú gætir verið ein/n af þeim. Komdu á þingið. Spennandi mál verða á dagskrá, eins og húsnæðismál Lions, þýðingar á lögum Lions, hvernig vara-fjöllumdæmisstjóri er valinn, Lionsvefurinn og margt fleira.

Það á enginn að starfa einn, hvorki Lionsfélagi né Lionsklúbbur. Við erum fjölskylda, sem starfar saman og að sama marki. Sjáumst hress og kát á Seyðisfirði.



Höfðingleg gjöf

Lionsklúbburinn Dynkur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi styrkti Heilsugæsluna í Laugarási til tækjakaupa, þann 17. desember 2014. Nokkrir félagar úr Lionsklúbbum Dynki færðu Heilsugæslustöðinni í Laugarási 150 þúsund króna styrk til tækjakaupa. Þetta er fyrsta almenna styrkveiting Dynks. Þetta var mögulegt á fyrsta starfsári Lionsklúbbsins vegna kröftugrar fjáröflunarnefndar. Dynkur var stofnaður 31. mars 2014.

Á myndinni má sjá Guðmund Sigurðsson, formann fjáröflunarnefndar og formann Lionsklúbbsins Dynks, Jóhannes Eggertsson, færa Lýði Árnasyni, lækni, gjöfina.



Kæru Lionsfélagar

Guðmundur Helgi Gunnarsson

Vara fjölumdamisstjóri

Lkl. Fjörgyn



Nú þegar að starfsár okkar er liðlega hálfnað er ekki úr vegi að líta yfir völlinn og sjá afrakstur verka okkar til þessa.

Starfsárið byrjaði af miklum krafti þar sem Alþjóðlegur sjónverndardagur Lionshreyfingarinnar var haldinn hér á landi og í því tilefni kom hingað Alþjóðaforseti Lions Joe Preston og frú Joni ásamt kvikmyndatökuliði frá höfuðstöðvum LCI.

Sjónverndardaginn þann 14. október afhenti alþjóðaforseti myndarlegar tækjagjafir

til Landspítala Háskólasjúkrahúss og í framhaldi var haldin glæsileg sýning í ráðhúsi Reykjavíkur þar sem klúbbar og ýmis fyrirtæki tengd sjónvernd kynntu starfsemi sína. Alþjóðaforseti skoðaði verkefni nokkurra klúbba á höfuðborgarsvæðinu og var afar ánægður með þau verkefni sem honum voru sýnd. Viðburðir þessir heppnuðust í alla staði mjög vel og hlutu Íslenskir Lionsfélagar mikið lof fyrir.

Að vanda buðu Lionsklúbbar um allt land upp á blóðsykurmælingar í nóvembermánuði og var þátttakan sú besta hingað til en þetta verkefni hefur verið í mikilli sókn hér á landi síðustu árin og mælst vel fyrir meðal landsmanna. Það er gott til þess að vita að fólk þiggi þjónustu sem þessa og sé því betur meðvitað um sitt eigið heilsufar.

Á aðventu er mjög öflugt starf innan klúbbanna og eru flestir þeirra með einhverjum hætti að auðga líf samborgara sinna, ýmist að gleðja börn með nærveru sinni á ýmsan hátt, einnig styrkja margir klúbbar bágstaddir fjölskyldur með matargjöfum og stuðla þar með að ánægjulegri jólahátíð á viðkomandi heimilum.

Lionsklúbbar standa fyrir ýmis konar viðburðum til að afla fjár til verkefna sinna og má þar nefna tónleikahald, þorablót, konukvöld og fl. Þá eru skótuveislur mjög vinsælar síðustu dagana fyrir jól.

Eins og sjá má á framantöldu þá leggur Lionshreyfingin mikið til mannúðar, menningar og heilbrigðismála um allt land og eru núverandi stjórnendur hreyfingarinnar að safna saman upplýsingum frá klúbbum um vinnu og fjárframlög til þeirra verkefna sem unnið er að. Það verður fróðlegt að sjá niðurstöður úr svörum klúbba og mætti þetta gjarnan vera gert árlega svo hægt sé að bera saman árangur milli ára.

Eitt af verkefnum ársins er landssöfnunin „Rauð fjöður“ en söfnunin verður helgina 17. – 19. apríl næstkomandi og er undirbúningur í fullum gangi undir stjórn Helga V. Karlssonar Lkl. Ásbirni, formanns Rauðu fjaðrar nefndarinnar. Í ár er ætlunin að safna fyrir leiðsöguhundum fyrir blinda en hver full þjálfður hundur kostar um 8 milljónir króna. Ef miðað er við síðustu safnanir tel ég rétt að setja markmiðið hátt og safna að minnsta kosti fyrir þrem hundum.

Ég vil hvetja alla Lionsklúbba til þátttöku í þessu því þetta er mjög veglegt verkefni á landsvísi sem við eigum að vera stolt af og leggja með því lóð á vogarskálarnar því þörfin fyrir fleiri leiðsöguhunda er afar brýn.

Kæru félagar ég bið ykkur að taka þátt helgina 17. – 19. apríl og ég óska ykkur góðs gengis í söfnuninni og vonandi verður árangurinn með þeim hætti að við getum verið stolt af.

NSR 2015

Kongens Lyngby Copenhagen Denmark



Helgina 16.-18. janúar var haldið NSR þing í Lyngby rétt norðan við Kaupmannahöfn í Danmörku. Þangað fór nokkuð fjölmennur hópur frá Íslandi, í heildina 22 og voru allir sammála um að þetta þing hafi í alla staði gengið vel. Varaumdamisstjórar sátu á skólabeck hluta af tímanum, og undirbyggju sig fyrir komandi starfsár. En þannig hefur það verið í nokkur ár að vera með námskeið fyrir viðtakandi umdamisstjóra. Dagskrá þingsins var þétt og vel skipulögð, og þinghöldurum til sóma, og ekki um nein stór átök. Íslenski hópurinn samastóð af núverandi og verðandi embættismönnum, alþjóðasamskiptastjóra, GLT-GMT stjórum og svo fyrrverandi alþjóða-

stjórnarmönnum. Makar þingfulltrúa sóttu einnig þingið, og var eins og alltaf boðið uppá makaferð. En þeim þurfti ekki að leiðast á hótelinu, því innangengt var í 70 búða verslunarmiðstöð og nóg við að vera. Svona þing eru nauðsynleg fyrir þá sem eru í forystu í hverju landi. Að hitta kollega, skiptast á skoðunum, miðla því sem við erum að gera, og fá að vita hvað hinar Norðurlandþjóðirnar eru að gera. Svo kynnist fólk og segir svo, finn þig svo á facebook, þannig að vináttan heldur áfram og nýjar hugmyndir kvikna. Sem nýfast eru margir uppfullir að hugmyndum, hvernig þeir vilja hafa starfið í sínum klúbbi. Ferðin á

NSR þingið var mjög skemmtileg í alla staði, og vil ég þakka öllum ferðafélögnum fyrir skemmtilega daga í Lyngby. Næsta þing er í Finnlandi í janúar 2016 og svo janúar 2017 á Íslandi. Sem er jú 100 ára afmælisár Lions.

Tryggvi Kristjánsson
Fjölumdamisstjóri.
Má 109 2014-2015

Frétt úr janúarblaði „alþjóða Lionsblaðsins“

Lionshreyfingin fagnar alþjóðasjónverndardeginum

Alþjóðahreyfing Lions hélt upp á 17. alþjóða sjónverndardaginn (Lions World Sight Day) 14. október síðastliðinn í Reykjavík. Alþjóðasjónverndardagur Lionshreyfingarinnar hefur það að markmiði að vernda sjóndapra, endurheimta sjón og hjálpar þeim sem eru blindir og/eða sjónþaprir. Joe Preston alþjóðaforseti Lions og herra Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands tóku þátt í þessari athöfn. Lionshreyfingin gaf í þessu tilefni tæki til augnlækninga á Landsspítalann Háskólasjúkrahús sem fjármögnuð voru með styrk frá SightFirst upp á 70,000 bandaríkja dali. Haldinn var í þessu tilefni opinn dagur í Ráðhúsi

Reykjavíkur þar sem lionsfélagar kynntu starfsemi sína og meðal annars buðu gestum og gangandi upp á blóðsykursmælingar en lionshreyfingin hefur verið ötul að vara við þeim vágasti sem sykursýki getur verið. Lionsklúbbar merktir alþjóðasjónverndardeginum buðu upp á sjónmælingar og söfnuðu gleraugum ásamt kynningu á hvað hreyfingin er að gera á alþjóðavísu í málefnum sjóndapra og blindra. Mæting var góð í ráðhúsið en ætla má að þangað hafi um 2,800 gestir mætt.

Fréttatilkynning frá Ylfukonum

Lionsklúbburinn Ylfa á Akureyri færði á dögnum Skammtímavistun við Þórunnarstræti veglega peningagjöf, að upphæð 300.000, til kaupa á leikföngum. Lkl. Ylfa er kvinnaklúbbur, stofnaður árið 2011 og hefur því aðeins starfað í 4 ár og hefur á þessum árum náð að leggja samfélaginu lið með margvíslegum hætti. Það er von Ylfukvenna að leikföngin komi notendum Skammtímavistunar að góðum notum í framtíðinni.

Anna Kolbrún Árnadóttir



Frá alþjóðasamskiptastjóra

Árni V. Friðrikson

Alþjóðasamskiptastjóri MD 109




NSR þingið 2015 var að þessu sinni haldið í Kaupmannahöfn 16. – 18. janúar.

Á þinginu var samþykkt tillaga alþjóðasamskiptastjóra (IRD) Norðurlandanna til fjöllumdæmisstjóra (CC) Norðurlandanna um

að næsta NSR verkefni verði „sólarkökunarofn“ (Solar Cookers).

Forsaga málsins er að 1997 tóku nokkrir Lionsklúbbar í Finnlandi sig saman og smíðuðu tilraunaofn sem nýtir sólargeislana til að baka brauð. Nokkrar útgáfur voru gerðar og eftir nokkrar tilraunir í Kenía var besta útfærslan valin.

Ofninum er best lýst sem kassa með loki sem klæddur hefur verið innan með endurkastanlegu efni (t.d. álpappír). Lokið er þannig stillt að það endurkasti sólargeislunum niður í kassann í viðbót við þá geisla sem koma beint í gegnum glerið yfir bökunarhólfinu. Með þessu næst yfir 100 °C hiti og brauðið bakast á ásættanlegum tíma. Í þorpinu Ibushilika eru yfir 30 sólarbökunarofnar í notkun sem þorpsbúar hafa smíðað með hjálp Lionsmanna í Nairobi. Nú



er hugmyndin að gera stærra átak og kenna fleirum að smíða svona ofna. Það er verkefni kvennanna í þorpunum að sækja eldivið og þar sem gengið hefur á skóga í Afríku þurfa konurnar sífellt að verja lengri og lengri tíma til að safna eldiviði. Þessi bökunaraðferð sparar því tíma og eldivið.

Viðtal við formann Blindrafélagsins

Dagný S. Finnsdóttir

Sjónverndarfulltrúi svæði 109B



Bergvin Oddsson er nýr formaður Blindrafélagsins og var kjörinn í maí síðastliðinum.

Hann er fæddur í Vestmanneyjum 1986 þar sem hann sleit barnsskónum. Þrátt fyrir annasaman dag gaf hann sér tíma til að segja frá sjálfum sér og starfi Blindrafélagsins.

„Ég missti sjónina 15 ára vegna frunsuvírus Herpex eins og maður fær á varinar. Ég fluttist til Reykjavíkur eftir skyldunámið og fór í Menntaskólann við Hamrahlíð og leigði íbúð í húsi Blindrafélagsins. Það er mikil og góð lífsreynsla að búa einn og fá tækifæri til að standa á eigin fótum.“

Hvernig varð Beggi blindi til?

„Beggi blindi varð til svo ég gæti aflað meiri tekna og dregið fram lífið á menntaskóla-árunum“.

„Ég hef aldrei bugast, hef alltaf séð ljósið og séð ný tækifæri eftir að ég missti sjónina. Blindan er hluti af mér en ekki ég hluti af blindunni. Ég er heppinn að eiga yndislega konu og tvo yndislega drengi. Það skiptir máli að vera þátttakandi í samfélaginu og vera virkur í starfi hreyfinga og félagasamtaka. Ég vil hafa áhrif á samfélag mitt og við öll getum haft áhrif með því að safna peningum til góðra verka, berjast fyrir hagsmunum ákveðins hóps eða hópa og herja á stjórnmálamönnum. Ég er mikil félagsvera og þrífst

að vera í samskiptum við fólk og að hafa mörg járn í eldinum.“

Blindrafélagið er rótgróið félag

„Blindrafélagið er rótgróið félag og stóð fyrir 75 ára afmæli sínu 19. ágúst síðastliðinn. Það hefur mikla sögu og marga góða bakhjarla, stóra sem smáa sem gerir mér og öðrum félagsmönnum kleift að opna nýjar dyr fyrir blinda og sjónskerta einstaklinga, ásamt því að geta staðið fyrir blómlegu félagstarfi fyrir alla aldurshópa nánast á öllu landinu. Það hjálpar félagsmönnum Blindrafélagsins að vera þátttakendur og leggja eitthvað af mörkum og ekki síst að vera virkir þátttakendur í samfélaginu og lifa innihaldsríku lífi.

Starfsemi Blindrafélagsins er öflug og víðfeðm þjónusta sem stendur vörð um ýmis hagsmunamál sinna félagsmanna ásamt því að hrinda af stað ýmsum átaksverkefnum.

Helsu verkefni Blindrafélagsins um þessar mundir eru m.a. þessi:

Stórt átaksverkefni er framundan sem er ætlað ungu fólki á aldrinum 13 til 35 ára. Þar ætlum við að varpa ljósi á að blindir og sjónskertir einstaklingar lifa innihaldsríku lífi og eru virkir þátttakendur í samfélaginu.“

Ungt fólk er að mati Bergvins móttækilegasti hópurinn fyrir nýjum hlutum og með minnstu fordómum. Þá er mikilvægt að sá mörgum fræjum í þessar kynslóðir sem geta farið með það veganesti út í lífið að blindir og sjónskertir einstaklingar lifa innihaldsríku lífi og eru virkir þátttakendur í samfélaginu. Það er ekki martröð eða slæm tilfinning þótt þú getir ekki séð þig í spegli eða farið út og ekið bíl.

Fjölgun leiðsöguhunda á Íslandi

Blindrafélagið hefur á síðastliðnum árum lagt áherslu að fjölga leiðsöguhundum hér á landi og í upphafi ársins keypti félagið tvo leiðsöguhunda frá Svþjóð. Hver hundur kostar u.þ.b 5 milljónir króna með öllu. Allir Lions félagar á landinu fá kynningarbréf sent í tölvupósti til kynningar á leiðsöguhundaverkefni Blindrafélagsins og árlegri sölu á leiðsöguhundadagatali félagsins. Lionsfélagar eru hvattir til að leggja verkefninu lið með því



Bergvin Oddsson formaður Blindrafélagsins.

kaupa þetta fallega leiðsöguhundadagatal á skrifstofu Blindrafélagsins eða í vefverslun félagsins á slóðinni www.blind.is

Góður stuðningur Lionshreyfingarinnar

Lionshreyfingin hefur stutt dyggilega við bakið á Blindrafélaginu í gegnum tíðina.

„Það er ómetanlegt að eiga slíkan bakhjarl í baráttu blindra og sjónskertra að stuðningi til sjálfstæðis,“ segir Bergvin.

Styrkirnir hafa verið margir í gegnum tíðina og fyrir nokkrum árum styrkti Lionshreyfingin með miklum myndarbrag fjármögnun á nýjum Íslenskum talgervli.

Rauð fjöður

Vorið 2008 rann Rauðu Fjaðrarsöfnun Lions til kaupa á blindrahundum.

Lionsfélagar á Íslandi ætla að endurtaka leikinn dagana 17. – 19. apríl og selja Rauðu Fjöðrina til styrktar kaupum á fleiri leiðsöguhundum fyrir blinda og sjónskerta. Söfnunin rennur óskipt til þessa verkefnis.

Bergvin vill nota tækifærið og þakka öllum Lionsfélögum á landinu innilega fyrir þeirra framlag í gegnum tíðina í baráttu þeirra fyrir stuðningi til sjálfstæðis.

Skilafrestur skráninga á Lionsþingið á Seyðisfirði er til 20. mars

Alþjóðabjónustuvika í þágu barna



Lionsklúbburinn í Tres Lagoas, Brasilú, hjálpar skólabörn í að lesa og telja.

Lions hefur í nærri 100 ára starfi aldrei þurft sérstakan hvata til þess að liðsinna börnum. Klúbbarnir líta á það sem sjálfsgöðan hlut af svo ber undir. En í maí á þessu ári eru klúbbarnir beðnir um að beina starfi sínu sérstaklega í þágu barna, sem lið í því markmiði okkar að leggja 100 milljón manns lið í tilefni 100 ára afmælis Lionshreyfingarinnar 2017. Vikan 16.-22. maí hefur verið tilnefnd Alþjóðabjónustuvika í þágu barna í neyð.

Það eru ótal leiðir til þess að hjálpa börnum, t.d. með matargjöfum, lestrarstund í skólum eða viðhaldi á leiktækjum. En til þess að það sé talið með í 100 milljóna áttakinu þarf að tilkynna verkefnið til LCI í verkefnaskýrslu (Service Activities Report) í gegnum netið á MyLCI (mylci.lionsclubs.org). Verkefni sem viðurkennd eru sem aldarafmælisvekefni, Centennial Service Challenge (CSC), eru sérstaklega merkt CSC á MyLCI. Framlag klúbba í LCIF skoðast einnig sem afmælisverkefni og skal það þá merkt sérstaklega "framlag til LCIF" þegar það er skráð á MyLCI.

Auk þess að liðsinna 25 milljón börnum, eru önnur afmælisverkefni sem klúbbar eru beðnir um að hafa í huga; s.s. bætt augnþjónusta fyrir 25 milljón manns, matargjafir til 25 milljóna og umhverfisverkefni sem bæta líf 25 milljóna. Lionsklúbbar sem tilkynna afmælisverkefni sín fá send taumerki til þess að festa á klúbbfánann sem viðurkenningu fyrir þátttökuna. Ef einhverjar spurningar vakna, hafið þá samband við LCI á CSC@lionsclubs.org.

Þýðing: Edda Briem



Lionklúbbar um allan heim liðsinna börnum. Fort Vancouver klúbburinn í Washingtonfylki stendur fyrir íþróttaleikum fyrir sjónþöpur ungmenni frá Norðvestur Kyrrahafssvæðinu. Þeir eru haldnir í Fylkisskólanum fyrir blinda í Washington. "Stundum finnst mér sem ég fljúgi, eins og ég geti bara haldið áfram endalaust", sagði Sofia Batchelor 10 ára frá Vancouver, keppandi í 100 m hlaupi, við blaðamann the Columbian.

Ljósmynd: Steven Lane/The Columbian.



De La Costa Lionsklúbburinn í Ecuador kennir skólabörnum að þvo hendurnar almennilega.



Nemandur á Filippseyjum sýna skólatöskurnar sínar fullar af skólabókum sem Dasmarinás Lionsklúbburinn gaf þeim.



Lionsfélagar og Lionessur í undæmi 323 A3 í Indlandi standa fyrir íþróttadegi fyrir fatlaða nemendur.



Frétt frá Lionsklúbbi Seltjarnarness



Lionsklúbbur Seltjarnarness gáfu þriðjudaginn 21. janúar Vistheimilinu Bjargi á Seltjarnarnesi tvö sjónvörp Philips 50" og 32", þurrkara og 11 sængur og koddar. Þetta var afhent á Bjargi sama dag og leikur Íslands og Frakklands í handknattleik var sýndur á RUV. Það var rétt búið að tengja stærra tækið þegar leikurinn hófst. Fyrir hafði verið lítið gamalt tóputæki svo að þetta var alger bylting í sjónvarpsmálum fyrir vistmenn. Félagar þáðu kaffi og vöffur með rjóma eftir afhendingu. Vistheimilið Bjarg er heimili fyrir langtíma geðfatlaða einstaklinga og rekið af Hjálpræðishernum. Það hefur verið starfrækt á Skólabraut 10 síðan 1968 og eru 11 einstaklingar vistaðir þar núna.

Andvirði þessara gjafa er um 480 þúsund á raunverði, en við fengum mjög góða fyrirgreiðslu hjá Heimilistækjum og Rúmfatalagernum í þessum kaupum. Lionsklúbbur Seltjarnarness hefur átt mjög góða samvinnu við þessi tvö fyrirtæki sem hafa styrkt okkur mikið í gegnum árin og viljum við þakka þeim sérstaklega fyrir þeirra stuðning.



*Kveðja
Jón Páll Ásgeirsson*



OPPIÐ HÚS



Hér eru myndir frá Opnu húsi í vetur. Alltaf glatt á hjalla og gaman, enda eru Lionsfélagar að hittast í góðu tómi, fá sér kaffi/te og kleinur og súpu.



Lionsklúbburinn Sorgenfri í Fredrikstad Noregi

Hér gerum við nýja hluti, horfum út fyrir kassann

Undirritaður var nýverið á norrænu samstarfssþingi Lions í Kaupmannahöfn, NSR. Ástæðan fyrir förinni var að sitja námskeið verðandi umdæmisstjóra þar sem við lærðum ýmsa gagnlega hluti til að styrkja okkur fyrir starfið næsta ár. Einn mikilvægasti hluti ferðarinnar var að kynna þeim sem eiga að gegna sömu störfum og við á hinum Norðurlöndunum og læra af reynslu þeirra. Hér ætla ég að deila merkilegri reynslusögu verðandi umdæmisstóra frá suðaustur Noregi Helle Soos. Hún tók þátt í að stofna klúbb með nýju sniði og hún er jafnframt formaður klúbbsins í dag.

Helle segir:

Það er búið að reyna að stofna netklúbba, námsmannaklúbba, Leo klúbba, herraklúbba og konuklúbba. Hér í Noregi eru flestir klúbbarnir rötgrónir og þeim tekst ekki að endurnýja sig. Það eru mörg dæmi um félagi sem voru yngstir í klúbbum þegar þeir gengu í hann fyrir 20 árum og þeir eru ennþá yngstir. Það eru margir herraklúbbar sem ekki vilja veita konum aðgang og það sama gildir um kvennaklúbba þar vilja ekki karla. Í flestum klúbbum er meðalaldurinn 65+ og klúbbarnir fylgja ekki þróuninni í samfélaginu.



Félagarnir fara með börnin sín í verkefni

Hvað er til ráða? Við stofnuðum nýjan klúbb með öðru fyrirkomulagi en tíðkast hefur, fyrirkomulagi sem er öðruvísi en í 95% af venjulegum klúbbum. En hvað er það sem við viljum fá. Við vildum blandaðan klúbb og klúbb sem var opin öllum aldurshópum, kyni og þjóðerni. Við vildum ná í ungar barnafjölskyldur, þá sem ef til vill hafa ekki svo mikinn tíma núna, en þegar börnin stækka þá fá þau meiri tíma og þá vita þau allt um Lions. Við viljum fá afa og ömmur sem hafa nógan tíma og hafa áhuga á að taka þátt í félagsskap með fólki á öllum aldri og við óskum eftir ungu fólki sem er að koma undir sig fótunum. Þannig verður mikill styrkur í tengslanetinu fyrir alla.

Í nútíma samfélagi er fólk oft að flytja milli landssvæða.

Það þýðir að fjölskyldan er ekki nærri þér til að hjálpa til í amsri hins dagleg lífs til dæmis með smábörnum. Á sama tíma erum við með afa og ömmur sem hafa mikið að gefa en barnabörnin búa ekki í nágrenninu. Við erum með margt fólk af öðru þjóðerni en norskum, sem vantar tengslanet, til að gera aðlögunina auðveldari. Öllu þessu fólki óskum við eftir að koma saman í einn klúbb.

Lionsklúbburinn Sorgenfri var stofnaður 27. júní 2014. Við byrjuðum með 24 félagi, þar af voru 18 stofnfélagar og 6 frá öðrum klúbbum á Fredrekstadsvæðinu. Sá elsti er 77 ára og sá yngsti er 21 árs, það er ef við horfum framhjá börnum, sem núna eru frá 10 mánaða og uppúr. Við erum af nokkrum þjóðernum.



Félagarnir eru að ýmsu þjóðerni og aldri. Hér má sjá Helle Soos formann við endan af borðinu.

Fundaformið

Við setjum fundinn kl. 17.30. Þeir sem vilja koma klukkan 17.00 en þá er borin fram einfaldur kvöldverður. Þannig geta fjölskyldur með börn, fólk sem kemur beint úr vinnu og þá sem langar að borða með öðrum, komið og gert það. Kl. 17.30 þegar fundur er settur, fara einn eða tveir sjálboðaliðar með börnin yfir í annan sal. Þar getur verið farið í ýms verkefni fengin frá Lions, horft er á myndband, spilað eða farið í leiki.

Fundirnir taka 1,5 tíma og eru búnir kl. 19.00. Þá geta barnafjölskyldurnar farið heim að koma börnunum í ró og hinir geta verið áfram og spjallað. Fyrir flesta er þetta góður tími að koma heim og geta haft kvöldið fyrir annað. Það er munur að koma heim til að fara beint að sofa eða koma heim snemma og kvöldið er ennþá ungt.

Féлагаöflun

Eitt af því sem er áhugavert er hvernig við náum í nýja félagi, því það eru ekki þeir fullorðnu sem ná nýjum félögum í klúbbinn. Við eigum litla stúlku sem gengur í fyrsta bekk. Hún talar við félagi sína um hvað hún hlakkar mikið til að fara á næsta Lionsfund. Þau spyrja hvað það sé og hún segir frá. Þessi börn vilja líka fara á Lionsfund og spyrja foreldra sína hvort þau geti ekki verið með. Þetta leiðir til að viðkomandi foreldri tala við foreldra stúlkunnar og fá þannig áhuga. Það verður spennandi að sjá hvernig þetta gengur.

Áskorun

Þetta er að sjálfsögðu talsverð áskorun. Þegar við erum að vinna verkefni er ekki alltaf auðvelt að vera með börnin og ef börnin eru ekki koma foreldrarnir ekki. Stjórnarfundir eru líka án barna og það er erfitt fyrir þá sem eru í stjórn að koma á alla fundi, þar sem þeir verða að finna barnapössun. En áskorunin er að finna lausnir og við eru ennþá að koma okkur fyrir og byggja upp okkar hefðir. Það mun ekki koma á einni nóttu, en alþjóðaforsettinn í fyrra sagði að << við ættum að fylgja draumum okkar >> og okkar draumur er um nýan klúbb, sem við << styrkjum með stolti >>, sem er þessa árs alþjóðaforseta einkunnaröð.

Helle Fauruskov Soos,
formaður í LC Fredrikstad Sorgenfri
verðandi umdæmisstjóri.

Viðtalið tók Jón Pálmason varaumdæmisstjóri

Þjálfun einstaklinga

Eggert J Levy

GLT fulltrúi, umdæmi 109A



Áð mínu mati er það afar þýðingarmikið að halda námskeið fyrir einstaklinga svo að þeir fái aukna þjálfun til að takast á við ný verkefni. Lionshreyfingin á Íslandi vinnur markvisst að því að halda námskeið sem koma til móts við þarfir Lionsfélaga í stjórnunarstöðum.

Leiðtogaskólinn er haldinn árlega. Hann er fyrir alla félaga sem vilja tileinka sér markvissar aðferðir til að ná árangri í mannlegum samskiptum og hvers konar forystustörfum, jafnt innan hreyfingar sem utan. Það hefur sýnt sig að þegar allir stjórnarmenn í klúbbsi hafa sótt leiðtoga-skólann, þá skilar það viðkomandi klúbbsi góðum árangri strax.

Á Lionsþingum árlega eru haldnir skólar fyrir formenn, ritara, gjaldkera og svæðisstjóra. Viðtakandi stjórnarmenn klúbbsanna þurfa að

gera ráð fyrir að sækja skólana. Gleymum því heldur ekki að það er einnig afar gagnlegur þáttur í öllu félagsstarfi að hitta mann og annan, til að ræða málin, miðla upplýsingum og treysta vinaböndin. Næsta tækifæri til að sækja skólana verður föstudaginn 15. maí 2015 á Lionsþinginu á Seyðisfirði. Missið ekki af þeim tækifærum sem þar leynast og skráið ykkur á þingið fyrir 20. mars næstkomandi.

En þjálfunin þarf að ná lengra, hún þarf að ná til hins almenna Lionsfélaga. Hvernig getur það gerst? Fyrir það fyrsta þá legg ég til að svæðin undir stjórn svæðisstjóranna ræði þennan möguleika og kanni grundvöllinn fyrir aukinni fræðslu meðal Lionsfélaga. Dæmi um námskeið sem getur hentað svæði eða svæðum að skipuleggja er Siðameistara-námskeiðið, það tekur einn laugardagsmorgun eða eina kvöldstund. Í annan stað geta klúbbar tekið sig saman og haldið námskeið. Í þriðja lagi getur hver klúbbsur haldið námskeið á sínum eigin vegum, allt eftir því hver þörfin er í hverjum klúbbsi. Undanfarin fjögur ár hefur Lkl. Fjörgyn í Grafarvogi til dæmis haldið eitt námskeið á hverju ári fyrir áhugasama félaga. Fjöldi þátttakenda hefur eðlilega verið breytilegur eftir námskeiðum, allt frá 6 til 20 félagar hafa sótt námskeiðin hverju sinni.

Námskeið geta verið af ýmsum toga allt eftir því hvað hentar hverjum klúbbsi. *Á heimasíðu Lkl. Seyðisfjarðar má sjá eftirfarandi frétt. „Hinn 22. september 2014 mættu 10 félagar úr klúbbsnum á námskeið vegna dómastarfa á Íslandsmóti í Boccia sem haldið verður á Seyðisfirði í októberþyrjun.“ Takið eftir, að félagar klúbbsins fara á námskeið til þess*

að geta hjálpað samfélaginu við dómastarörf, alveg frábært framtak hjá Seyðisfirðingum.

Þannig háttar málum, að á vegum fjölumdæmis 109 og umdæmanna beggja starfar GLT-teymi sem er leiðtoga- og fræðsluteymi hreyfingarinnar. Teymið er skipað til þriggja ára 2014 – 2017 en í því eiga sæti Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbirni sem er formaður, Sigfríð Andradóttir, Lkl. Búðardals og Eggert J Levy, Lkl. Fjörgyn. Við sem störfum í GLT-teyminu erum reiðubúin til þess að hjálpa klúbbsunum eftir bestu getu, en frumkvæðið verður samt alltaf að koma frá ykkur, kærur klúbbsformenn. Ég vil hvetja alla formenn á komandi starfsári að setja sér það markmið að halda eitt námskeið fyrir félaga sína. Höfum það hugfast að fræðslumálin eru gríðarlega mikilvægur þáttur í starfi hreyfingarinnar og leggja beinlínis grunn að áhrifaríku starfi.

Að lokum vil ég enn og aftur hvetja jafnt konur sem karla til að hugleiða fræðslumálin af fullri alvöru og hrinda í því framkvæmt að fleiri félagar fái tækifæri til að sækja námskeið. Eftirspurn og framboð námskeiða þarf að haldast í hendur og vonandi verður sú raunin á, að með aukinni fræðslu komi ný námskeið með nýjum áherslum. Þannig á það að vera, því einungis þannig getur fræðslustarf hreyfingarinnar vaxið og dafnað á komandi árum.

*Með Lionskveðjum,
Eggert J Levy.*

Góðir Lionsfélagar !



Á þessu ári, 2015 eru liðin fjögur ár frá því að Lionshreyfingin með þátttöku ykkar stóð að landssöfnun Rauðu fjaðrarinnar. Þá söfnuðum við fyrir talgervli fyrir Blindrafélagið. Skemmst er frá því að segja að sú söfnun gekk afskaplega vel og náðum við að styrkja Blindrafélagið um ríflega nírtján milljónir sem rann til kaupa á talgervli. Ég er þess fullviss að umræddur talgervill hefur stórlega bætt lífsgæði félagsmanna Blindrafélagsins og þeirra sem hann nota. Við megum vera stolt af okkar þætti í því dæmi. En afhverju er ég að tala um þetta. Jú ástæðan er sú að á fjögurra ári fresti stendur Lionshreyfingin að Rauðu fjaðrar söfnun og nú mun næsta landssöfnun fara fram helgina 17. til 19. apríl næstkomandi. Við biðlum til Lionsklúbbsanna að koma til liðs við Rauðu fjaðrar nefndina og taka þátt í söfnuninni. Og eins og sagt er, margar hendur vinna létt verk. Að þessu sinni söfnum við fyrir leiðsöguhundum. Á Íslandi eru starfandi 5 sérþjálfaðir leiðsöguhundar. Árið 2008 styrkti Lionshreyfingin Blindrafélagið til kaupa á 4 fullþjálfuðum leiðsöguhundum og eru þeir eigendum sínum ómetanlegar hjálparhellur. En eins og hjá mannfólkinu þá eldast hundarnir líka og það styttist í að þeir fari á eftirlaun, en þeir starfa venjulega í 8 – 10 ár. Í nefndinni að þessu sinni eru: Helgi Karlsson Lkl. Ásbirni formaður, Hallgrímur Guðmundsson einnig í Lkl. Ásbirni, Sonja Einarsdóttir í Lkl. Úu, Bryndís Hilmarsdóttir einnig í Lkl. Úu og Sigrún Pálsdóttir í Lkl. Perlu, en hún var einnig í síðustu nefnd.

*Benjamín Jósefsson
Kynningarstjóri*

Hvað er að fréttu í Grindavík?



Lionsfélagar í Þjóðveldisbænum.



Lions Jólasveinar á förnum vegi.



Undirbúningur að Sviðamessu Lionsklúbbs Grindavíkur.



Boccasveit Lionsklúbbs Grindavíkur.

Lionsklúbbur Grindavíkur byrjaði starfsárið sem fyrr á því að fara í Lferðalag til að þjappa fólkinu saman. Rösklega 20 félagar + makar fóru í þessa ferð og var farið á húsbílum í Árnes þar sem Kristófer Tómasson, formaður Lionskl. Geysis, tók á móti hópnum. Hópurinn var eina helgi í ferðinni og var gríðarlega vel látið af henni.

Þann 23. sept. var svo fyrsti félagsfundurinn. Ýmislegt hefur drifið á okkar daga síðan. Sviðamessa var 17. október og var vel mætt í hana. Konukvöld var 21. nóvember og tveir félagar fengu Melvin Jones viðurkenningar. Jólafundur var í kirkjunni 13. des. og í framhaldinu súpa og pizza í safnaðarheimilinu.

Á Þorláksmessu tóku lionsmenn á móti jólapökkum fyrir jólasveinana og var þeim síðan dreift f.h. á aðfangadag. 10 jólasveinar mættu til okkar. Þetta er orðin hefð hjá klúbbnum og er afar vinsæl.

Klúbburinn tekur alltaf þátt í Bocciamóti Proskahjálpar á Suðurnesjum og látum við fé af hendi rakna í staðinn. Þá tekur klúbburinn þátt í að veita jólaaðstoð ásamt Grindavíkurkirkju, Kvenfélaginu, Sjómannna- og vélstjórafélagi Grindavíkur, Rauðakrossinum og Verkalýðsfélaginu.

Við erum síðan ákveðnir í að heimsækja Lionsklúbbinn Geysi á villimannakvöldið þeirra og er reiknað með að félagar úr Lkl. Njarðvíkur, Garði og Sandgerði slái í för með okkur.

Framundan er kúttmagakvöld 13. mars og 1. maí verður Lionsklúbbur Grindavíkur 50 ára og í því tilefni verður gefin út bók um sögu klúbbsins í þessi 50 ár.



Konukvöld, ekkjur fyrrverandi Lionsmanna eru sérstakir gestir okkar á Konukvöldi.

Að sjálfsögðu mun svo viðtakandi stjórn klúbbsins mæta á Fjölmúðamispingíð á Seyðisfirði sem haldið verður um miðjan maí.

*Gunmar Vilbergsson Lionsklúbbi Grindavíkur
Myndir Hörður Jónsson*

Lionsklúbburinn Freyr Reykjavík

Lionsklúbburinn Freyr var stofnaður í febrúar 1968. Stofnendur voru margir Lútvistar og ferðamenn sem ákváðu fljótlega að merkja öræfaslóðir. Þessu verkefni var hætt fyrir mörgum árum eftir að flestar öræfaslóðir höfðu verið merktar og skilti sett við allar ár á hringveginum, Snæfellsnesi og á Vestfjörðum. Þá var fjöldi skiltanna orðinn yfir 800.

Klúbburinn fékk til uppgræðslu spildu við Hvítárvatn, sem var girt af, grasfræi sáð og áburður borinn á í fjölda mörg ár. Þessu verkefni lauk fyrir all mörgum árum.

Fjáröflun klúbbsins hefur frá árinu 1970 aðallega byggst á sölu jóladagatala sem flutt eru inn og seld bæði á höfuðborgarsvæðinu og í samvinnu við klúbba víða um land.

Þetta hefur verið árangursrík fjáröflun fyrir Frey og marga klúbba.

Þessi fjáröflun hefur gert það að verkum að hægt hefur verið að styrkja hin ýmsu verkefni. Stærstu verkefnin hafa verið til Hrafnistu með kaupum á vistherbergjum. Stórt framlag til Gigtarfélags Íslands til kaupa á fasteign félagsins í Ármúla. Ás Styrktarfélag vangefinna, mörg framlög til sambýla þess.

Ljósið, efni í skjólveggi og pall og áður gefnir stólar í kaffistofu, St. Jósefsspítali meltingarsjúkdómadeild styrkt með tækjum.

Landsspítali ýmsar deildir, síðastliðin ár styrkur við kaup á hjartaþræðingartækjum.

Stykir á árinu 2014 m.a.:

Keyptur frystiklefi og tveir kælar í hjálparaðstöðu Samhjalpar. (mynd1)

Slökkviliði Höfuðborgarsvæðisins afhent Lucas hjartahnoðtæki. (mynd2)

Göngubraut afhent til þjálfunar fyrir gesti Þjónustumiðstöðarinnar á Vitorgi. (mynd3)

Félagsþjónusta fyrir fatlaða íbúa í Brekkubæ, deildin í Skógarbæ styrkt s.l. 7 ár.

Ferðastyrkur til drengs sem þurfti að fara erlendis í lækni meðferð.

Félagar í Frey eru í dag skráðir 18, og stjórn félagsins er skipuð eftirtöldum félögum.

Guðmundur Jón Helgason formaður, Þórður Guðmundsson ritari og Magnús Tryggvason gjaldkeri.



Minning † Petrea Kristín Líndal Karlsdóttir



Fædd 30. ágúst 1925.

Ég á mig ekki hér í veröldinni.

Drottinn ég eign þín er af miskunn þinni.

H.P.

Við kölluðum hana Bíbí og það gerðu allir á Akranesi. Hún var mikil og góð Lionskona. Gekk í Lionessklúbb Akraness við stofnun hans 19. janúar 1981 og hún lést 20. janúar 2015.

Bíbí var stofnfélagi í Lkl. Eðnu 1997

og tók alla tíð þátt í hinum ýmsu nefndum klúbbsins. Hún var hin styrka stoð, sem hverju félagi er ómetanleg, mætti á alla fundi okkar, jafnvel á síðasta starfsári, þegar þrek hennar fór þverrandi. Eiginmaður hennar, Gísli Teitur Kristinsson, lést 2005. Hann var lengi félagi í Lkl. Akraness og tvær dætur þeirra hjóna hafa starfað af dugnaði í Lions á Akranesi frá stofnun 1981.

Bíbí var brosmild og hafði ákaflega góða nærveru. Andlit hennar svo slétt og unglegt, sýndi ekki að 89 ár voru að baki.

Við Lionskonur á Akranesi þökkum kærnum félaga samveru-stundirnar allar, sem nú eru orðnar að ljúfum minningum og vottum dætrumum og aðstandendum öllum dýpstu samúð.

F.h. Lionsklúbbsins Eðnu
Þóra Björk Kristinsdóttir.

Fréttir frá Lionsklúbbum Eir



Þó nokkrar breytingar voru gerðar í Lionsklúbbum Eir í byrjun starfsárs. Fólu þær m.a. í sér fækkun funda úr 2 í 1 á mánuði, uppstokkun og sameiningu nefnda svo eitthvað sé nefnt. Ferðirnar í Skjól til að gleðja gamla fólkið með kökum og lifandi tónlist er enn á sínum stað 4x á ári. Starfið hefur gengið ótrúlega vel í vetur og margt gert sér til gagns og gamans.

Við tókum þátt í sjónverndardeginum með rúllustandi, heimsóttum Draumasetrið sem er áfangenheimili með 40 herbergjum fyrir fíkla. Þetta er heimili fyrir þá sem eru að koma úr meðferð og fá að búa þar gegn vægri leigu á meðan þeir eru að ná áttum og koma sér út í þjóðfélagið á ný. Færðum við heimilinu ýmsa smáhluti sem alltaf vantar svo sem handklæði, rúmföt, glös og fleira. Þess má geta að Draumasetrið fær enga styrki hvorki frá ríki né borg.

Mjög ánægjulegt var að fá Lionsklúbbum Eir í heimsókn og kynnast aðeins starfsemi hans og var Guðrún Helgadóttir gestur kvöldsins og fór á kostum.

Nú í febrúar höldum við smáfund í húsakynnum fíkniefnalögreglunnar um leið og við afhentum þeim að gjöf svokallaða aðgerðatöflu og fengum kaffi og meðlæti ásamt smásýningu í leiðinni á notkun hennar. Var það mjög fróðlegt.

Nýi lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu Sigríður Björk Guðjónsdóttir hélt svo frábæra tölu um heimilisofbeldi og svaraði fyrirspurnum.

Hér hefur aðeins verið stiklað á stóru því af nógu er að taka.

Alda Ingoarsdóttir varaformaður.



Framfarir í baráttunni gegn árblindu í Ameríku.

Eftir Cassandra Bannon

Lionshreyfingin er enn mjög virk í baráttunni gegn árblindu og á alþjóðlegum vettvangi hefur náðst gríðarlega góður árangur í baráttu við sjúkdóminn.

Í nóvember var haldin alþjóðleg ráðstefna í Mexicoborg. Ráðstefnan var haldin af þeim fjölmörgu hjálparsamtökum sem vinna saman að þessu verkefni og fulltrúi Lionshreyfingarinnar þar var annar varaforseti Bob Corlew. Samstarfið kallast Onchocerciasis Elimination Program for the Americas (OEPA)

Á þeirri ráðstefnu kom vel fram hversu góður árangur hefur náðst en einnig var rætt um mögulegar framtíðarlausnir.

Talið er að í Mexico hafi sjúkdómnum nú verið útrýmt og yfirvöld hafa sent Alþjóða Heilbrigðisstofnuninni (WHO) skýrslur um meðferðir og eftirlit. Ef WHO staðfestir skýrsluna verður Mexico þriðja landið á svæðinu sem fær staðfestingu á útrýmingu sjúkdómsins. Í Gvatemala eru yfirvöld að hefja undirbúning að sama ferli.

Kólumbía varð fyrsta landið á svæðinu sem fékk staðfestingu WHO á útrýmingu sjúkdómsins. Það var árið 2103 og í september síðastliðnum varð Ekvador annað landið til að fá slíka staðfestingu.

Í Mexico hitti Corlew Lionsfélagann og fyrrverandi forseta Bandaríkjanna Jimmy Carter og Mary Anne Peters forstjóra The Carter Center til að ræða áframhaldandi árangursríkt samstarf Lions og The Carter Center sem hófst 1999.

„Við erum að stíga stór skref í áttina að því að stöðva árblindu,“ segir Corlew. „Það er fyrst og fremst þessu árangursríka samstarfi að þakka og svo örlæti Lionsfélaga um allan heim að við getum komið í veg fyrir árblindu og skapað heim án þessa sjúkdóms.“

Það eru sníkjudýr sem valda gríðarlegum kláða og skemmdum í augum sem einnig geta leitt til alvarlegra húðsjúkdóma, skerðingu á sjón og svo ólæknanlegrar blindu.

Svo vel hefur baráttan gengið í Ameríku að nú finnst sjúkdómurinn aðeins á landamærasvæðum Brasilíu og Venesúela þar sem Yanomami þjóðflokkurinn býr.

Það er mikil áskorun að hefja útbreiðslu árblindu á þessu svæði því Yanomami þjóðflokkurinn er flökkufólk sem býr djúpt í regnskógum Amazon.



Heilbrigðisstarfsmaður í Goatemala kannar hversu stóran skammt barnið þarf af Mectizan® til að koma í veg fyrir árblindu.

Myndin er fengin að láni hjá The Carter Center/P. DiCampo

Á ráðstefnunni í Mexico skuldbundu heilbrigðisráðherrar Venesúela og Brasilíu sig til að vinna með The Carter Center og félagasamtökum (OEPA) sem vinna gegn árblindu til að stefna að útrýmingu árblindu á svæðinu í síðasta lagi 2019. Hjálparsjóðurinn The Carlos Slim veitti strax 6,8 milljón dollara framlag til þessa afmarkaða verkefnis.

Síðan Lions og The Carter Center hófu samstarfið hefur Alþjóðahjálparsjóðurinn LCIF veitt 6,3 milljón dollurum til Latnesku Ameríku í baráttuna gegna árblindu auk annarra LCIF framlaga til Brasilíu, Ekvador og fleiri svæðisbundinna verkefna í sömu baráttu.

Árangurinn er gríðarlegur því nú er aðeins um 1% allrar árblindu í heiminum í Latnesku Ameríku.

Vandamálið er enn stórt í Afríku þar sem um 120 milljón manns eru enn í hættu.

Kristinn Hannesson þýddi

Fréttir frá Lionsklúbbum Skyggirnir

Lionsklúbburinn Skyggirnir hélt reglulegan fund mánudagskvöldið 26. janúar 2015 en á honum var m.a. nýr meðlimur vígður inn í klúbbinn. Nýji meðlimurinn, Jóhann Björnsson, er 40 ára gamall, býr á Hellu og starfar sem kjötiðnaðarmaður í Reykjagarði. Jóhann er giftur Auði Erlu Logadóttur, leikskólustjóra, og eiga þau samtals sex börn saman. Nú þegar Jóhann hefur gengið í klúbbinn eru meðlimir orðnir sautján talsins en þeim hefur fjölgað um fimm á síðustu þremur mánuðum.

Á dagskrá fundarins voru annars tekin fyrir nokkur fyrirliggjandi mál, þar á meðal var rætt um hugsanlega þátttöku á leiðtoganámskeiði Lionshreyfingarinnar og Lionsþingi. Haraldur Birgir Haraldsson, meðlimur í klúbbum og skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings ytra, hélt í lok fundar fróðlega kynningu á helstu framkvæmdum í sveitarfélaginu Rangárþingi ytra en fjölmargt er í gangi í þeim málaflokki þessa dagana.

Gunnar Aron Ólason



Haraldur Birgir Haraldsson nærir Lionsmerkið í Jóhann Björnsson við vígsluathöfn. Óli Már Aronsson, formaður Skyggirnir, fór yfir helstu samþykktir klúbbsins.

Fjörgyn leggur lið



Um árabíl hefur Lionsklúbburinn Fjörgyn í Grafarvogi, styrkt sína heimabyggð með ýmsu móti. Í desember ár hvert eru útbúnir 50 matarpokar handa fjölskyldum sem minna mega sín. Pokarnir með jólamatnum eru ávallt afhendir í samvinnu við Grafarvogskirkju og Íslensku Kristskirkjuna í Grafarvogi.

Til þess að gera okkur þetta verkefni kleift hafa fjölmörg fyrirtæki stutt starfið dyggilega með matvörum og ýmsu góðgæti, sem við setjum í pokana.

Mjög mikil vinna og tími fer í það að útvega matföngin og hafa samband við fyrirtækin, það þarf líka að gera með góðum fyrirvara. Ég vil þakka öllum þeim sem komu að verkefninu og þá alveg sérstaklega þeim tíu fyrirtækjum sem lögðu hönd á plóg.

Þetta verkefni er mjög gefandi og alveg sérstaklega ánægjulegt. Við getum með sannri sagt, að Lions leggur lið.

*Eggert J Levy, formaður verkefnunefndar
Lkl. Fjörgynjar 2014 - 2015*

Frábærir verðandi Lionsleiðtogar



Nú er fyrri helgi Leiðtogaskóla Lions, lokið og nemendur farnir heim til að vinna hópinnuverkefni um Lionsmálefni. Einnig eiga þeir að semja tveggja mínútna ræðu.

Hópurinn er mjög góður, alltaf vakandi og tekur virkan þátt í öllu. Nemendur eru félagar á öllum aldri 36% konur og 64% karlar. 60% koma af landsbyggðinni og yngsti þátttakandinn er 32 ára. Hér má sjá mynd af þátttakendum og kennurum í Leiðtogaskólanum 2015.

Fréttir og myndir frá starfsemi Lkl. Eden, Hveragerði



Við lionskonur í Eden höfum ekki setið auðum höndum frá byrjun starfsárs okkar. Í desember bökuðum við flatkökur fyrir mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur en það hefur verið árlegur viðburður hjá okkur síðastliðinn fjögur ár og hefur Almar bakari gefið okkur allt hráefni og þökkum við honum kærlega fyrir stuðninginn. Svo vorum við og Lionsklúbbur Hveragerðis með sameiginlegt jólaball á Hótel Ör 26. desember fyrir öll börn og fjölskyldur þeirra. Það hefur alltaf verið vel mætt á þessa skemmtilegu jólastund.

Í janúar fórum við ásamt Lionsklúbbsi Hveragerðis í okkar árlegu keiluferð og unnu þeir okkur í þetta skiptið en við tökum þá næst. Þetta er svo skemmtileg ferð hjá okkur að við höfum ákveðið að hittast tvisvar á ári til að fara í keilu.

Klúbburinn okkar er í örum vexti og stefnum við á að hafa stofnfund þann 5. maí 2015.

Lionsklúbburinn Eden



Minning † Jón Guðjónsson



Minning um góðan dreng og Lions félagu Jón Guðjónsson, rafvirkjameistara. Fæddur 20.02.1922, dáinn 10.11.2014.

Njörður kvaddi góðan félagu og vin Jón Guðjónsson rafvirkjameistara, þann 27. nóvember 2014, þá 92 ára að aldri. Jón var einn af stofnendum Lionsklúbbsins Njarðar í apríl 1960 og var virkur félagi með fullkomna mætingu þar til hálfu ári áður en hann féll frá og þá vegna veikinda. Af stofnfélögum er það gæfa Njarðar að hafa enn þrjá virka félagu á hverjum fundi og þann fjórða nokkuð reglulega.

Jón var mjög virkur félagi og gegndi mörgum embættum og öllum af kostgæfni. Njörður þakkaði honum hans góðu störf og sæmdi hann sem Melvin Jones félagu í mars 1999. Jón sótti m.a. alþjóðamót Lions, bæði í London og New York. Þá lagði Jón fram mikla vinnu við fyrsta húsnæði Lions hreyfingarinnar við Gardarsstræti og stjórnaði því verki af mikilli kostgæfni og útsjónarsemi. Hann var náttúruunnandi og fór vítt og breytt um landið m.a. með Lionsfélagu og maka þeirra. Hann mætti í flest allar ferðir Njarðar hvort heldur var innan eða utanlands m.a. er við heimsóttum Lionsfélagu á Austureyri í Færeyjum 2004 og síðast með okkur til Vilnius árið 2006 og skemmti sér vel. Þá var hann virkur í öllu starfi Njarðar og með 100% mætingu ár eftir ár. Jón var

einstaklega léttur í lund með góðan hómur og dáður af félögum jafnt sem eiginkonum félagu. Vinkonur sínar kallaði hann jafnan „tátarnar sínar“. Jón rak í mörg ár rafmagnsverktakafyrirtækið Rafvélar hf. og var með verk vítt um land. Hann ferðaðist víða um heim og var Ameríka í uppáhaldi hans einkum þar sem hann hafði dálæti á amerískum drossíum og ók á slíkum með vinum m.a. úr Nirði, og átti ævinlega glæsilegustu vagna landsins. Hann var áhugamaður um fjarskiptabúnað, byssur, hraðbáta og hestamaður og svo elskaði hann að aka á snjósleðum með félögum sínum (og stofnfélögum) úr Nirði og keppti sjálfur í snjósleðaakstri.

Jón var léttur í lund og oft kallaður af vinum og ættingjum „Nonni pabbi eða Jonny high power“ sem segir nokkuð um lundarfar þessa góða félagu. Jón kunni að umgangast hinn tæra vökva og „Happy hour“ og aldrei sást vín á honum þó kátur væri. Alltaf einstakt þrúðmenni. Jóni hrörnaði snögglega í fyrra haust og dró af honum en hafði þó hómur í lagi eða eins og góðvinur hans einn sagði er hann heimsótti hann rétt fyrir andlát: „Nú er ég búinn að pakka niður og kominn á Geitið og bíð bara eftir útkalli“.

Við Njarðarfélagar kveðjum nú þennan góða Lions félagu og stofnfélagu og biðjum Guð að blessa alla ættingja hans og vini, nú þegar hann er farinn í sitt hinsta ferðalag.

Fyrir hönd Lions klúbbsins Njarðar: Arnar Hauksson ritstjóri Njarðarfréttu. Júlíus Petersen Guðjónsson, Friðrik Kristjánsson og Sveinn Snorrason, Stofnfélagar Njarðar.

Bjóðum nýja félaga velkomna

Guðrún Björt Yngvadóttir

LCIF-stjóri



Hver velur nýja félaga?

Undirstaðan í klúbbum eru félagarnir og alltaf er gleðiefni þegar nýir félagar ganga til liðs við klúbbinn. Nýir félagar eru uppspretta nýrra hugmynda og glæða klúbbinn nýju lífi. Klúbburinn þarf að bjóða þá velkomna og láta þá finna að þeirra sé þörf. Það á að fela þeim verkefni og hlusta á þeirra hugmyndir. Þannig er það líka oftast, en ekki alltaf. Stundum eru félagarnir ekki sammála um að væntanlegur félagi eigi samleið með klúbbum. Að baki því liggur kannski raunhæft mat, en getur líka verið vegna persónulegs ágreinings við einn félag. En hver ákveður hvort á að samþykkja tillögu um nýjan félag? Það eru alveg hreinar línur í alþjóðalögum Lions hvernig að því er staðið.

Alþjóðalögin segja í stuttu máli:

- 1) Til að verða Lionsfélagi þarf að hafa náð lögdaldi (18 ára á Íslandi), hafa góða siðferðiskennd og vera með gott orðspor í samfélaginu. Viðkomandi þarf að fá formlegt boð um inngöngu í klúbbinn.
- 2) Fullgildur félagi, sem verður meðmælandi nýja félagsins, fyllir út og undirritar umsókn um aðild og afhendir félaganefnd.
- 3) Félaganefnd skoðar umsóknina og ef meirihluti félaganefndar samþykkir félagann, sendir hún umsóknina áfram til stjórnar klúbbsins.

4) Ef meirihluti stjórnar klúbbsins samþykkir líka viðkomandi, er hægt að taka inn félagann og er hann þá skráður, gjöldin greidd og tilkynning send til alþjóðaskrifstofu.

Gamlar venjur

Sumir klúbbar hafa haft þann háttinn á, að kjósa um nýja félaga og að meirihlutinn ráði. Aðrir klúbbar hafa þá venju að væntanlegur félagi er kynntur á klúbbfundi og síðan gefst klúbbfélögum kostur á að gera athugasemd við stjórn innan ákveðins tíma. Ef einhverjum féлага líst illa á væntanlegan félag, hver er það þá sem ræður? Enn og aftur, það er félaganefnd og stjórn. En þó farið sé að lögunum, getur ósamkomulag klofið klúbbinn og skaðað allt klúbbstarf til margra ára. Það er því mikilvægt að láta þessa stöðu ekki koma upp, vega og meta og undirbúa jarðveginn.

Félagarnir kjósa EKKI

Það er sem sagt í höndum félaganefndar og stjórnar að ákveða hvort nýr félagi er tekinn inn. Það er EKKI samkvæmt alþjóðalögum Lions að klúbbfélagar kjósi um nýjan félag, eða að einn eða fleiri félagar geti hafnað væntanlegum félag. En það er erfitt þegar ósætti kemur upp vegna nýrra félaga. Félaganefnd og stjórn bera því mikla ábyrgð og eins gott að vera með löglega félaganefnd og löglega stjórn, þegar ákvörðun er tekin. Ekki er síður mikilvægt að stjórn og félaganefnd undirbúi vel mál sem þessi, svo allir félagar geti verið sáttir og sjái kostina við þá ákvörðun sem er tekin.

Félaganefnd Lionsklúbbs

Í lögunum segir: Hver Lionsklúbbur skal hafa virka þriggja manna félaganefnd. Nefndarmenn sitji í þrjú ár og eru tilkynntir árlega til alþjóðaskrifstofu. Formaður er sá sem setið hefur í tvö ár. Varaformaður sá sem kemur nýr í nefndina hverju sinni. Formaður nefndarinnar kallast félagafulltrúi og skal hann sitja í stjórn klúbbsins með atkvæðisrétti og starfa með henni.

Stjórn Lionsklúbbs

Lögleg stjórn Lionsklúbbs er 6-manna. Í henni sitja formaður, fráfarandi formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og formaður félaganefndar, alls 6 atkvæði. Einnig geta siðameistari og stallari verið hluti af stjórninni með atkvæðisrétt, ef lög klúbbsins segja svo um. Ef kemur til ágreinings í Lionsklúbbi og stjórnin tekur ákörðun, þá þarf stjórnin að vera skipuð með þessum hætti, svo niðurstaðan eigi að standast fyrir lögum og dómi. Fyrir kemur að klúbbar sendi mál til umsagnar og úrskurðar Laganefndar alþjóðastjórnar. Laganefndin eða lögræðingur alþjóðaskrifstofu vísa þá í þessi lög, en annars er alþjóðastjórnarmanni eða fyrirverandi alþjóðastjórnarmanni falið að leysa málið. Íslenskir klúbbar hafa þó aldrei farið í svo hart, þeir leysa þetta innan klúbbsins, eða með utankomandi aðstoð, t.d. umdæmisstjóra.

Ágreiningur

Það er mikilvægt að brjóta ekki niður góðan starfsanda og vináttuna í klúbbum. Við vitum hvað við höfum, en við vitum ekki hvað við fáum. Kannski hótar félagi að segja sig úr klúbbum, ef viðkomandi er tekinn inn, annar hótar að segja sig úr klúbbum ef viðkomandi er hafnað. Stundum eru þeir sem hóta að fara, hvort sem er á útleið eða enginn söknuður í þeim. Stundum eru þeir máttarstólpar klúbbsins og umdæmisins og mikil eftirsjá og skaði ef þeir fara. Félaganefnd þarf að láta meiri hagsmuni Lions og samfélagsins ráða, frekar en þá minni. Mikilvægt er að taka snemma á málinu, ekki láta hann þróast í óleysanlegan vanda með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Góðir félagar eru máttarstólpar Lions og fleiri félagar gera Lions sterkari.



Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions faanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.
EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Myndir úr starfi Lionsklúbbsins Emblu á Selfossi



Emblukonur taka að sér að skera rabarbara á Löngumýri á Skeidum sem fjáröflun.



Í október afhentu 6 lionskúbbar á Suðurlandi Sjúkraflutningum LUCAS2 hjartahnoðtæki.



Dansað á „Embludiskóteki“, þar sem allir skemmta sér vel.



Arnfríður Kristín Ólafsdóttir, Sigurbjörg Hermundsdóttir og Kristín Þorfinnsdóttir í Ráðhúsi Reykjavíkur á Sjónverndardaginn í október 2014.



Margrét Lúðvíksdóttir að selja jólakort.



Arnfríður K. Ólafsdóttir, Sonja Eyfjörð og Margrét Kristjánsdóttir við blóðsykursmælinu.



Sonja að vanda sig mikið við mælinguna.



Margrét við blóðsykursmælingu.



Gunnar Vilbergsson annar varaumdæmisstjóri og Gunnar Sverrisson svæðisstjóri mættu á fund hjá Emblum í nóvember.



Hinrik Snær Guðmundsson spilar á fíðlu á fundi. Hann fór í unglingsbúðir á vegum Lions í Swiss síðast liðið sumar.



Hinrik færir Margréti Jónsdóttur formanni forláta kúabjöllu frá Sviss.

Lionsfélagi mánaðarins

Nafn, aldur og starf:

Ég heiti Ólafur Tryggvi Gíslason, er 46 ára og starfa sem málarameistari með eigin rekstur, Litco.ehf

Nafn maka:

Ég er giftur Hildi Halldórsdóttur

Heimili:

Við búum við Austurgötu 7 í Hafnarfirði

Ökutæki:

Ég ók um á Nissan Navara, en okkar leiðir skildu utanveggar á Holtavörðuheidinni

Klúbburinn minn:

Ég er í Lionsklúbbum Ásbirni í Hafnarfirði.



Mynd Ólafur og Hildur á tónleikum.

Hver eru helstu viðfangsefni klúbbsins?

Helstu viðfangsefni eru fjáraflanir, og er bjórhátíðin stærsta fjáröflunin. Starfið gengur út á góðan félagsskap og að styrkja nærumhverfið í leiðinni. Hefur sú hefð skapast að annar hver fundur er „út í bláinn“, þar sem við heimsækjum fyrirtæki, förum út að borða eða eitthvað annað skemmtilegt. Hefur það mælst mjög vel fyrir.

Hvað er eftirminnilegast úr klúbbstarfinu? (Má vera neyðarlegt)

Eftirminnilegast er ekki eitthvað eitt, því fyrir mér er starfið okkar eins og góð vinátta sem verður betri og betri með hverju ári sem líður. Lionsstarfið hefur gefið mér mikið og ég geri mitt besta til að láta gott af mér leiða.

Fyrir hvað ertu stoltastur af að vera Lionsfélagi?

Í Lionsstarfinu finnur maður alltaf fyrir stolti þegar verkefni ganga upp eins og vel smurð vél. Það eru margir félagar sem leggja mikið á sig en eru ekkert að státa sig af því. Allir vinna af óeigingirni og nýtist ágóðinn til þeirra sem minna mega sín.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?

Uppáhalds matur er íslenskur lambahryggur að hætti konunnar. Skötuselurinn hennar mömmu og aspássúpan hjá tengdamömmu eru líka ofarlega í huga.

Hver eru áhugamálin hjá þér?

Vinnan er eflaust bæði áhugamál og vinna, en ef maður vinnur við það sem er skemmtilegt þarf maður aldrei að vinna. Ég spila fótbolta tvisvar í viku, starfa fyrir Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar og smíða sumarbústað um helgar.

Við hjónin förum á tónleika allavega tvisvar sinnum á ári og erum dugleg að fara í leikhús. Við höfum ferðast mikið erlendis undanfarin ár.

Hvað viltu segja um þína heimabyggð?

Hafnarfjörður er rólegur og fallegur bær með vinalagan bæjarkjarna. Hann er fullur af góðu fólki. Ég er stoltur af öllu því góða íþróttastarfi sem fer fram í bænum. Uppáhaldsstaðir í Hafnarfirði eru Fjarðarkaup, bakhúsið, bókasafnið, hafnarsvæðið, allir staðir sem selja málningu eða byggingavörur, Strandgatan og auðvitað jólaþorpið.

Eitthvað að lokum?

Við hjónin vorum minnt á það síðustu helgi að það getur verið stutt á milli lífs og dauða. Allt fór á besta veg, en það kenndi okkur að nýta tímann vel og njóta lífsins.

„Vinátta byggist á því að gleyma því sem maður hefur gefið og muna hvað maður hefur fengið“

Frá Lionsklúbbnum Úu



Með síðasta geirfuglinum.



Kaffisopi eftir vinnu í Úlundi.



Grænmetisþökkun.



Faglegar í frisbíggölfinu.



Dagný tekur við viðurkenningu frá Joe Preston.



Flottar á vinkvennakvöldi.

Síðasta starfsár Lkl. Úu var líflegt og fjölbreytt með ýmsum Suppákomum og skemmtilegheitum. Í maí sl. var farin óvissuferð um Reykjanesið. Hljómahöllin var heimsótt, snætt í Duushúsi og Skessuhellirinn skemmtilegi skoðaður. Staldrað var við á Reykjanesvita og við Gunnuhver. Í Strandakirkju voru síðan stjórnarskipti en stjórnina skipa nú Ósk Aradóttir formaður, Guðrún Ása Jónsdóttir ritari og Erla Fanney Óskarsdóttir gjaldkeri. Ferðin endaði síðan í Tryggvaskála þar sem snæddur var dýrindis kvöldverður. Starfsárinu okkar lauk síðan á fallettu sumarkvöldi í júní í Úlundi, gróðurreitnum okkar í Skammadal, þar sem gróðursettar voru 45 trjáplöntur. Grænmetisala á haustin er ein fjáröflunarleiðin okkar. Grænmetið fáum við á góðu verði hjá Garðagróðri á Reykjum í Mosfellsbæ. Síðan söfnum við kaupendum að grænmetispoka með fersku og fjölbreyttu grænmeti. Það er heldur betur handagangur í öskjunni þegar Úurnar pakka grænmetinu og keyra út til kaupendanna. Alltaf hressandi og gaman. Hin fjáröflunarleiðin okkar er hið margrómaða Vinkvennakvöld, sem haldið var í nóvember í Hlégarði. Þar sá Grillvagninn um gómsætar veitingar og Úurnar og vinkonur þeirra mættu með litskrúðuga og flotta hatta. Margt var til skemmtunar, söngur og dans ásamt happdrættinu góða þar sem margir flottir vinningar voru í boði.

Úurnar tóku þátt í blóðsykurmælingunni í október ásamt Lkl. Mosfellsbæjar. Mældir voru 199 einstaklingar og þótti það vera góður árangur. Á alþjóða sjónverndunardeginum voru Úurnar með sýningu í Ráðhúsinu ásamt fleirum, þar sem okkar starf var kynnt. Alþjóðaforseti, Joe Preston veitti síðan Dagnýju S. Finnsdóttur okkar konu, Melvin Jones viðurkenningu á samkomunni á Hótel Sögu, sem haldin var honum til heiðurs. Klúbburinn hefur svo veitt styrki bæði til einstaklinga og stofnana í Mosfellsbænum, auk smærri styrkja á landsvísu og í alþjóðasjóðinn.

Úurnar eiga óhefðbundar samverustundir einu sinni í mánuði fyrir utan hina venjulegu klúbbfundir. Þá hittumst við og njótum útiveru og annarrar skemmtunar, förum í heimsóknir til listamanna/kvenna og á söfn. Alltaf er endað á einhverju góðu kaffihúsi eða í heimahúsi þar sem boðið er uppá hressingu. Í haust var farið í frisbíggölf í Mofellsbænum og núna í janúar spreyttum við okkur í keilu.

Framundan er inntaka nýs félaga og makakvöld í mars. Svo endum við starfsárið okkar með óvissuferð og trjáplöntun í sumarbyrjun.

*Fh. fjölmiðlanefndar
Sigríður Skúladóttir*


Lionsklúbbur Hveragerðis



Jóladansleikur Lionsklúbbs Hveragerðis og Lkl. Edens fyrir börn í Hveragerði og nágrenni fór fram á Hótel Örk kl. 14:00 þann 26. desember eða annan dag jóla. Var dansleikurinn vel sóttur en ríflega 350 manns og barna sóttu hann. Hljómsveit lék fyrir dansi, jólasveinar mættu og dönsuðu með börnunum kringum jólatréð og færðu þeim svo smágjafir. Var dansleikurinn í hvítvetna vel heppnaður. Ýmis fyrirtæki í bænum og víðar hafa styrkt samkomu þessa með styrkjum og framlögum af ýmsu tagi frá upphafi vega eða yfir 20 ár. Má þar helst nefna Hverabakarí sem hefur stutt dyggilega við bakið á klúbbnum með dýrindis bakkelsi. Lionsklúbbarnir kunna þeim hjónum Sigurjóni og Distu hjá Hverabakarí bestu þakkir fyrir. Hótel Örk hefur á sama tíma skaffað dúkaðan salinn, öll tæki og tól, kaffið og stundum starfsfólk til að uppvarta og uppvaska. Er stuðningur þessara aðila fullkomlega ómetanlegur og hefði þetta ekki verið mögulegt án hans.

En fleiri fyrirtæki hafa stutt okkur dyggilega frá upphafi og eiga allar þakkir skyldar. Að öðrum ólöstuðum má þar helst nefna Hveragerðisbæ, Dvalarheimilið Ás, Heilsuhæli HLFÍ, Kjörís, Arion banka, Heilsugæsluna og Leikfélag Hveragerðis.

*Vilmundur Kristjánsson
Ljósmyndari var Telma Kristinsdóttir*



Hljómsveitina skipuðu og eru á mynd frá vinstri; Júlíus Kolbeins trommur, Rögnvaldur Pálmason gítar, Vilhjálmur Roe bassi, Kristinn G. Kristjánsson harmonikka, og Ragnheiður Blöndal söngur.

Fréttir frá Lionsklúbbum Yr

Við Yr konur hófum 31. starfsárið okkar að krafti í september síðastliðnum og var verkefnavalið nokkuð hefðbundið.

Við afhentum þremur skólum í Kópavogi Bókamerki Lions og var okkur vel tekið. Kirkjukaffið í samvinnu við Lkl. Muninn haldið í október. Blóðsykursmælingar í samvinnu við Lionsklúbbinn Muninn og Lionsklúbb Kópavogs í nóvember.

Jólaball í samvinnu við félagið Samtök krabbameinssjúkra barna haldið 20. desember, þetta finnst okkur ákaflega skemmtilegt og gefandi verkefni þar sem gleðin skín frá hverju barni. Þarna er dansað í kringum jólatréð og sungið hástöfum einnig

mætir séra Pálmi Matthíasson og ræðir við börnin og ekki má gleyma jólasveinunum sem eru auðvitað vinsælastir. Við segjum gjarnan þegar frágangur er lokið eftir ballið, nú mega jólin koma.

Í janúar héldum við Vínafund þar sem komu 86 gestir. Boðið var upp á söng og skemmtiatriði. Þá tókum við inn nýjan félag Jónínu P. Hallgrímsdóttir og einnig voru tvær félagskonur þær Bára Eiríksdóttir og Sigrún Guðnadóttir sæmdar Melvin Jones viðurkenningu fyrir góð störf í þágu Lionsklúbbsins Yr.

Á seinni fundi í janúar vorum við með kósý fund. Mættu konur með teppi og í hlýjum

sokkum og þær allra duglegustu tóku handavinnuna sína með sér, hlustuðum á Helgu Guðrúnu Johnsen lesa ú bókinni Saga þeirra, saga mín. Drukkum heitt súkkulaði og spjölluðum langt fram eftir kvöldi.

Framundan hjá okkur er árshátíð Lionsklúbbsins í Kópavogi sem verður í lok febrúar.

Þann 5. mars verðum við með skyggni-lýsingar fund með Þórhalli Guðmundssyni.

Jórunn Guðmundsdóttir blaðafulltrúi Lkl. Yr.

Sunnuhlíð í Kópavogi

Hjúkrunarheimili aldraðra

Stuðningur aðildarfélaga

Allt frá því að Sunnuhlíð tók til starfa fyrir meira en þremur áratugum, hafa aðildarfélögin lagt hjúkrunarheimilinu lið með margvíslegum hætti.

Framlag Lionsklúbbsins Muninn og Lionsklúbbs Kópavogs 2012 -2014

Lionsklúbburinn Muninn og Lionsklúbbur Kópavogs ákváðu haustið 2012 að styrkja Alzheimerdeild Sunnuhlíðar með þeim hætti að endurnýja eldhúsinnréttingu o. fl. innan-dyra en reisa jafnframt nýja anddyrisbyggingu, sem tengir Alzheimerdeild og þjónustudeild. Var hafist handa við þetta í október 2012 og hafa framkvæmdir staðið yfir með hléum í tvö ár, uns verkinu var lokið og það afhent eigendum formlega hinn 8. desember, 2014. Markaðsverðmæti þessa verkefnis Lionsklúbba er milli 6 og 7 milljónir króna.

Klúbbarnir hafa aflað fjármagns til verksins með því að halda „skötuveislur“ og „herrakvöld“. Þá hafa klúbbfélagar og fleiri lagt fram sjálfböðavinnu. Loks er þess að geta að nokkrir framleiðendur og efnissalar hafa styrkt verkefnið af rausnarskap.

Jónas Frímansson, Lionskúbbi Kópavogs



Jónas Frímansson verkefnastjóri verkefnisins og Þóra Þórarinsdóttir formaður stjórnar Sunnuhlíðar



Félagar í Lkl. Muninn og Lkl. Kópavogs sem komu að verkefninu



Hin nýja anddyrisbyggingin sem tengir alsheimers- og þjónustudeild



Lionsklúbbarnir gáfu nýja eldhúsinnréttingu í alheimersdeildar ásamt öllum tækjabúnaði

Minning † Ingi Ingimundarson



Þau leiðu mistök áttu sér stað að minningargreinin um Inga Ingimundarson kom ekki í blaðinu fyrr en nú og vil ég biðja aðstendur og félögum í Lionsklúbb Borgarness velvirðingar á þeim mistökum. (Ritstjóri)

Ingi Ingimundarson félagi okkar og vinur er fallinn frá 78 ára að aldri, en hann lést 10. júní s.l. Ingi gekk til liðs við Lionsklúbb Borgarness árið 1966 og hefur hann verið félagi alla tíð síðan. Hann hafði því starfað í klúbbnum í 48 ár er hann lést. Hann var alla tíð mjög virkur og góður félagi og ávallt tilbúinn að taka að sér smá sem stór verkefni fyrir Lionshreyfinguna. Hann sat nokkrum sinnum í stjórn klúbbsins sem siðameistari, ritari og var formaður starfsárið 1971 – 1972. Það var varla haldinn nokkur viðburður á vegum klúbbsins okkar að Ingi kæmi þar ekki við sögu. Ingi var gerður að heiðursfélagi Lionsklúbbs Borgarness fyrir nokkrum árum.

Síðan tók hann að sér starf umdæmisstjóra í okkar umdæmi og það sama ár var stofnaður hér í Borgarnesi Lionessklúbburinn Agla, sem

síðar varð Lionsklúbburinn Agla. Ingi lét ekki þar við sitja heldur bauð lionshreyfingunni áfram krafta sína og var kjörinn fjölumdæmisstjóri sem er æðsta embætti lionshreyfingarinnar á landinu. Því starfi og öðrum sinni hann af alúð og lagði sig fram um að sinna þeim vel.

Ingi var sá fyrsti í okkar klúbbi sem fékk þá viðurkenningu af sínum klúbbfélögum að vera gerður að Melvin Jones félagi. Síðar fékk hann sömu viðurkenningu frá umdæminu.

Hann hafði átt við langvarandi veikindi að stríða og naut hann umönnunar nú síðustu ár í dvalar- og hjúkrunarheimilinu Brákarhlíð auk þess sem Jónína Ingólfssdóttir eiginkona hans heimsótti hann þar daglega og fór með hann út í hjólastólnum þegar veður voru þannig að það var hægt.

Við lionsfélagarnir kveðjum nú einn okkar besta féлага og vin, sem við þökkum vel unnin störf í þágu lions og samfélagsins okkar. Fyrir hönd félaganna í Lionsklúbbi Borgarness sendi ég Nínu eiginkonu hans, börnum og fjölskyldunni allri innilegar samúðarkveðjur.

Skúli G. Ingoarsson, formaður Lionsklúbbs Borgarness

Hrafnhildur Helga framsögumaður á japönskum Lionsfundi

Ferðasaga Hrafnhildar Helgu Guðmundsdóttur til Japan sumarið 2014, en hún fór þangað á vegum ungmennaskipta Lions



Ég fékk höfðinglegar móttökur við komuna til Japans.



Kinkaku-ji (The Golden Pavillion) er búddískt Zen hof í Kyoto, fyrrum höfuðborg Japans.

Einhverra hluta vegna hef ég alltaf verið heilluð af japönskum siðum og menningu, en í mínum augum er einhver rómantísk dulúð yfir allri þeirri sögu, gildum, athöfnum, stíl og náttúru sem Japan býr yfir. Það var því eins og að vinna græna kortið í Cheerios pakka þegar ég fékk að vita það að ég myndi fá tækifæri til að ferðast til Japan og kynnast þeirra menningu og siðum, ekki einungis sem utanaðkomandi ferðamaður heldur frá sjónarhorni innfæddra.

Eins og Ólympíufari

Mér hafði verið sagt að Japanir séu gestrisin þjóð. Ég hafði þó ekki hugmynd um hversu mikil merking væri lögð í þá staðhæfingu fyrir en ég kom út. Ég vissi engan veginn við hverju ég ætti að búast þar sem einu samskiptin mín við tilvonandi fósturfjölskyldur voru nokkur tölvubréf á mjög svo bjagaðri ensku þar sem mér skildist að ég yrði sótt á flugvöllinn... Það kom á daginn að skilningurinn var gagnkvæmur og er ég steig út úr flughöfninni sá ég stór skilti blasa við mér, eitt með nafninu mínu á og annað með andlitinu á mér. Bak við skiltin stóð 10 manna hópur, þ.m.t. báðar host-fjölskyldurnar mínar

og fjölmargir Lionsmenn, sem veifuðu, kölluðu og klöppuðu um leið og þeir sáu mig.... Svei mér ef mér leið bara ekki eins og Ólympíufara sem unnið hefði til tíu gullverðlauna!

Furðuveran frá Íslandi

Þar sem ég var dauðþreytt eftir langt flug hlakkaði mig óstjórnlega til að fleygja mér í rúmið og hvíla mig, en Lionsmenn höfðu önnur áform en þau, enda dagurinn rétt að byrja hjá þeim. Búið var að ákveða að ég mundi halda tölu á Lionsfundi sem halda átti í hádeginu, Lionsmenn voru nefnilega mjög spenntir að sjá og heyra í þessari „furðuveru“ frá Íslandi!

Mér var réttur míkrofónn þegar á fundinn kom og ég vandaði mig þessi lifandis ósköp með kynningar- og þakkarræðuna sem ég hafði undirbúið á ensku. Það stóð ekki á því að Lionsfélagarnir brostu og kinkuðu kolli til mín alveg út í eitt en eftir erindið kom svo í ljós að ég hefði alveg eins getað farið með stafrófið fyrir þá, því þeir skyldu afskaplega lítið af því sem ég hafði sagt!

Fáir Lionsfélagar, eða Japanir almennt, tala

ensku að ráði og því mjög erfitt að halda úti vitrænum samræðum við þá... en ég kunnir virkilega vel að meta viðleitni þeirra til að eiga við mig samskipti og elskulegheit þeirra í minn garð í alla staði.

Harðsperrur í brosvöðvana

Of nú skil ég hvernig öllum þessum kvikmyndastjörnum líður, mig verkjaði þvilíkt í brosvöðvana og hægri höndina eftir móttökurnar því að sjálfsögðu þurftu allir að heilsa mér að vestrænum sið – sem sé með handabandi!

Það er gott að vera ekki mjög feimin þegar Japanir taka á móti manni. Þeir gera það höfðinglega samanber sérstakt Welcome party fyrir mig þar sem allur Lions klúbburinn var viðstaddur, um það bil 30 manns... og það var bara byrjunin, það fylgdu fjölmargar fleiri veislur í kjölfarið. Þar sem þeir töluðu flestir enga ensku gerðu þeir sér lítið fyrir og fengu frænda eins Lions meðlimarins, sem var á svipuðum aldri og ég, til að koma í veisluna og halda mér félagsskap, þar sem hann átti jú að kunna eitthvað fyrir sér í ensku máli. Ég komst hins vegar að því að þeir sem eiga að



„Geisha for a day“



Ég fór fljótlega að hafa „pósín“ á hreinu.



Það var forvitnilegt að sitja Lions fundi á japönsku og halda ræðu á ensku, vitandi að nánast enginn skildi mann.



Skrautskrift er ákveðið form af japanskri list... Stóð mig bara nokkuð vel í því.



Ég og mínar tvær frábæru host fjölskyldur á flugvellinum þegar ég fór heim.



Ég og vinkona mín frá Slóvakíu sem ég eignaðist úti, fyrir framan Mt. Fuji.



Kveðjuveislan mín var á hefðbundinn japanskan máta, allir sitjandi á gólfinu borðandi mjög svo hefðbundinn japanskan mat.



Ég og krúttlegu host systur mínar, An og Rin.



Ég fékk að prófa yukata, sem er þjóbúningur Japana.



Komin til Tokyo.



Ég og nokkrir frábærir krakkar hjá hinu þekktu Todaiji musteri í Nara.

kunna ensku á japanskan mælikvarða eru þeir sem hafa fleiri en 10 orð í orðaforðanum.

Blævængir gera kraftaverk

Gjafmildir voru þeir Lionsfélagar og voru sífellt að gauka einhverjum gjöfum að mér til minningar um ferðina. Einn Lionsfélaginn gaf mér eina kærkomnustu gjöf ferðarinnar... blævæng. Trúið mér, það er erfitt að lifa daginn af án blævangs úti í Japan, sérstaklega miðsvæðis þar sem ég var, í kringum Nagoya.

Mt. Fuji og ungmennabúðirnar

Eftir þrjá daga hjá fyrri host-fjölskyldunni minni, Hattori fjölskyldunni, sem samanstóð af þeim Hisahiro og Yoshimi, fór ég í ungmennabúðirnar með krökkum frá öðrum löndum. Án þess að varpa rýrð á dvöl mína hjá japönsku fjölskyldunum mínum, held ég að mér sé óhætt að segja að það hafi verið hápunktur ferðarinnar að fara í þessar búðir. Mikið var lagt upp úr skoðunarferðum um nokkrar helstu náttúruperlur og borgir Japans, s.s. Tokyo, Kyoto, Mt. Fuji og svo mætti lengi telja.

Í búðunum kynntist ég mörgum ungmennum sem ég mun vonandi koma til með að þekkja og vera í sambandi við alla ævi, en eftir Japansferðina fór ég einmitt til Evrópu að heimsækja fjögur þeirra til hinna ýmsu staða í Evrópu.

Borgarstjórablús

Seinni host-fjölskyldan mín, Hashimoto fjölskyldan, sem ég fór til eftir dvölinu í búðunum, samanstóð af hjónunum Yukio og Sayuri og dætrum þeirra tveimur An og Rin, 3 og 7 ára. Ýmislegt var brallað með þeim, ég hittí m.a. borgarstjóra Inazawa og heimsókn mín til hans kom m.a. í blaði þorpsbúa og mynd af okkur saman. Maður þarf greinilega ekki að vera ýkja merkilegur til að komast í blöðin þarna!

Í Ferrari að Kyrrahafinu

Lionsfélagarnir voru allir boðnir og búnir til að gera mér dvölinu sem eftirminnlegasta og gerðu sér far um að fá að vita hvað það væri sem mig langaði til að gera í Japan. Ég minntist á að mig langaði til að sjá Kyrrahafið og það var ekki að sökum að spyrja, formaður Lionsklúbbsins sótti mig á glæsilegum og hraðskreiðum Ferrari-bíl og fór með mig út í vinsælt sjávarþorp þar sem ég naut sólarinnar, gekk meðfram ströndinni, dýfði tánum í hið dásamlega Kyrrahaf og naut andvarans sem var kærkominn í öllum þessum raka.

Þeim hafði einnig borist það til eyrna að ég væri einlægur Harry Potter aðdáandi og þess vegna gerðu þeir sér alveg sérstaka ferð út í Universal Studio með mig og japönsku fjölskylduna mína, en þar hafði nýverið verið opnaður Harry Potter þemagarður.

Ógleymanleg ævintýraferð – þökk sé Lionshreyfingunni

Þá má svo sannarlega segja að þessi ferð mín til Japan hafi í alla staði verið æðisleg og ævintýrleg. Að fá tækifæri til að fara og kynnast algjörlega ólíkri menningu en maður er vanur, er eitthvað sem flestir hefðu gott að gera en er eðlilega ekki á allra færi. Svona ferðalög opna augu manns fyrir því hversu mikilvægt það er að fagna fjölbreytileikanum í heiminum og dæma ekki eitthvað land, trú, gildi og útlit betra en eitthvað annað. Ég á eftir að búa að þessari ævintýraferð og miklu reynslu alla æfi.

Ég vil að lokum koma á framfæri þakklæti mínu til Lionshreyfingarinnar fyrir að fá þetta einstaka tækifæri og vil í leiðinni hvetja til þess að ungmennaskipti á milli landa haldi áfram. Þau auka svo sannarlega víðsýni fólks sem tekur þátt í þeim og stuðlar þannig að alþjóðlegum skilningi hjá verðandi kynslóðum, aukinni þekkingu og áhuga á öðrum menningarheimum.

Enn og aftur, kærar þakkir fyrir mig, Lionsmenn!

Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir

*Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir
fór á vegum svæðis 8, í undæmi 109A.
Hún á rætur í Lkl. Víðarri.*



Bjóðum nýja félagu velkomna

Guðrún Björt Yngvadóttir

fyrirverandi

alþjóðastjórnarmaður



gegn treglæsi. Erindi Illuga fjallaði m.a. um stöðuna á Íslandi í dag, vandann sem hans ráðuneyti er að reyna að ná tökum á og markmið sem hafa verið sett. Illugi fagnaði mjög framaki Lions og óskar eftir samvinnu við Lions á Íslandi til að ná sem bestum árangri.


Skert lífsgæði

Guðrún Björt kynnti lestrarátak Lions, stefnu alþjóðasamtakanna, verkefni sem unnin eru á alþjóðavísu og á Íslandi og ýmsa samstarfsaðila við lestrarátakið. Hún sagði frá helstu verkefnum sem snúa að börnum og ungmennum, einkum til forvarna og uppbyggingar. Vék einnig að stærstu verkefnum okkar, það sem Lions er þekktast fyrir, t.d. styrki Alþjóðahjálparsjóðsins, sem stendur undir sjónverndaráttakinu, veitir styrki vegna náttúruhamfara og bættri heilbrigðisþjónustu. Hún benti að lokum á þá uggvekjandi staðreynd, sem varð til þess að Lions tók Lestarátakið upp á arma sína, en það er hið mikla ólæsi eða treglæsi í heiminum í dag; hvað það kostar samfélagið í beinhörðum peningum og hvað það kostar einstaklinga og fjölskyldur í skertum lífsgæðum.



Málþing

Lions á Íslandi stóð nýlega fyrir málþingi um Lestarátak Lions og aðgerðir til þess að sporna við treglæsi. Þetta var þriðja málþingið okkar á lestrarvandannum síðan 2012. Markmiðið að vekja athygli á málinu árlega, þessi 10 ár sem Lestarátakið stendur, 2012-2022. Við höfum fengið góða aðsókn á málþingin, breiðan hóp fagfólks, áhugafólks og Lionsfélaga. Dagskráin hefur ávallt verið fjölbreytt og við höfum fengið til liðs við okkur frábæra sérfaðinga til að kynna lausnir og nýjar leiðir



Ráðherrann

Málþingið 12. febrúar, var engin undantekning. Illugi Gunnarsson mennta- og menningamálaráðherra opnaði þingið og sagði m.a. frá fundi sínum með Joe Preston alþjóðaforseta í október s.l., í tengslum við Alþjóðlega sjónverndardag Lions. Þeir Illugi og Joe eiga margt sameiginlegt, ekki bara tónlistaráhuga og að leika á píanó, heldur fyrst og fremst áhuga á að bæta læsi og vinna

bókasafn Seljaskóla var, þegar hún hóf störf þar og hvað þurfti til að bæta ástandið. Fyrst þurfti að útvega fjármagn til að kaupa bækur og m.a. nýtur safnið nú góðs af Bókavínum Seljaskóla. Þá urðu til Bókaskjóður – Heilafóður, en í þessum skjóðum eru bækur og fylgihlutir með það markmið að efla lestraráhuga nemenda. Þetta verkefni hefur algerlega slegið í gegn og er biðlisti eftir skjóðunum, lestraráhugin hefur vaxið og er þjónusta bókasafnsins vel metin.

Bókstafir úr leir

Ingibjörg Ingólfssdóttir kynnti námskeið byggð á Davisaðferðinni, fyrir foreldra barna sem eru í efstu deildum leikskóla og grunur leikur á að þróa með sér lestraröðugleika. Ingibjörg byrjað á að segja frá uppruna aðferðarinnar og frá upphafsmanninum Ronald Davis. Hann er lesblindur, en tókst að yfirvinna lestraröðugleika sína með aðferð sem hann þróaði sem barn og ungur maður, m.a. með því að móta bókstafi í leir. Davisaðferðin er í dag viðurkennd sem ein af árangursríkustu aðferðum við lestrarleiðréttingu. Ingibjörg og félagar hennar við Lesblindulist hafa þróað verkfæri og aðferðir til að vinna áfram við leiðréttinguna. Snemmtæk íhlutun er mikilvæg, svo þær vinna nú mikið með leikskólabörnum og foreldrum þeirra.



Lítill orðaforði

Sigríður Ólafsdóttir doktorsnemi á Menntavísindasviði Háskóla Íslands fjallaði um hvaða áhrif tvítyngi getur haft á þróun læsis. Sigríður hefur stundað rannsóknir í langan tíma á þróun læsis á Íslandi, hjá börnum sem hafa annað móðurmál en skólamála (eru tvítyngd). Hún sýndi dæmi úr íslenskum veruleika og erlendar viðmiðanir; útskýrði hvernig hljóðkerfisvitund þróast hjá ein- og tvítyngdum börnum. Fram kom að þessi börn hafa oft minni orðaforða, en það veldur því að börn byrja að dragast aftur úr í lesskilningi og námsgegni almennt, einkum hjá tvítyngdum börnum með móðurmál frá málsvæðum utan Evrópu.



90% árið 2018

Guðni Olgeirsson, sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, kynnti hugmyndir vinnuhóps mennta- og menningarmálaráðuneytisins um aðgerðir til að bæta læsi grunnskólabarna á Íslandi. Illugi Gunnarsson ráðherra setti saman nefnd til að gera aðgerðaráætlun, sem fylgir Hvítbók ráðuneytisins. Guðfinna Bjarnadóttir er formaður nefndarinnar, en Guðni starfsmaður ráðuneytisins og heldur utan um verkefnið. Margir samstarfaðilar vinna að þessari aðferðaráætlun. Markmiðið er að 90% grunnskólanemenda nái lágmarksviðmiðun í lestri árið 2018. Nefndin hefur ekki lokið störfum, en Guðni leyfði okkur aðeins að kíkja í pakkann. Við sáu að það er svo sannarlega verið að vinna að metnaðarfullum markiðum. Við erum á réttri leið og hlökkum til samstarfs við ráðuneytið og aðra fagaðila.



Heilafóður

Dröfn Vilhjálmsdóttir kynnti verkefni bókasafns Seljaskóla sem miðar að því að efla lestraráhuga nemenda. Dröfn sagði fyrst frá því, hve lítið og fjársvelt



Góður fundur

Tryggvi Kristjánsson fjölumðæmisstjóri setti málþingið, kynnti markmið þess og dagskrá og bauð gesti velkomna. Þegar hann í lokin sleit þinginu, þakkaði hann fyrirlesurum fyrir þeirra mikilvæga framlag og áhugaverð erindi. Hann færði öllum fyrirlesurum rós og Lions-almanakið, sem er prýtt vinningsmyndum úr ljósmyndakeppni Lions með myndum úr náttúrunni. Þar er mynd eftir íslenskan Lionsfélaga, Sigrúnu Sigurðardóttur í Lkl. Emblu en almanakið er selt til styrktar alþjóðahjúparsjóðnum - LCIF. Fundarstjóri var Jón Bjarni Þorsteinsson fyrrverandi alþjóðastjórnarmaður Lions.



Nefndin sem vinnur að lestrarátaki Lions, skipulagði málþingið.

Frá vinstri: Dagný S. Finnsdóttir, Jórunn J. Guðmundsdóttir, Hrunð Hjaltadóttir og Guðrún Björt Yngvadóttir.



Forystan var mætt á málþingið. Frá vinstri: Tryggvi Kristjánsson fjölumðæmisstjóri, Guðmundur H. Gunnarsson vara fjölumðæmisstjóri og frú Hrunð. Jón Pálmason vara-umðæmisstjóri 109A, Gunnar Vilbergsson annar vara-umðæmisstjóri 109A og frú Margrét.

Gott starf hjá Lionsklúbbi Dalvíkur

Starfið hjá okkur hefur gengið vel í vetur og verið með hefðbundnu sniði. Í upphafi vetrar fengum við félagar okkar í Lkl. Höfða á Hofsósi í heimsókn. En þessi hefð hefur verið all lengi, að þeir komi til okkar, og við heimsækjum þá. Einnig fengum við Umdæmisstjóra 109 B Ingimund G. Andrésson til okkar í heimsókn og það er mín skoðun að það sé gott að fá forystumenn Lionshreyfingarinnar í heimsókn í klúbbana. Umdæmisstjóri veitti tveimur félögum viðurkenningar fyrir 45 ár í klúbbnum, en það eru Friðþjófur Þórarinsson og Kristján Ólafsson. Þetta eru traustir félagar og óska ég þeim til hamingju með áfangann.

Klúbburinn gaf út Auglýsingablað fyrir jólin sem er okkar helsta fjáröflun, og er þó nokkur undirbúningsvinna við það, safna auglýsingum og þess háttar. Dalbær heimili aldraðra heimsækjum við oft, og í einni slíkri heimsókn færðum við heimilinu Ipad 4G af fullkomnustu gerð. Þessi gjöf hefur komið sér vel t.d. sem myndavél, og eru þau afar ánægð með hana. Framundan er sameiginleg árshátíð klúbbanna á Dalvík, en við höfum haldið hana sameiginlega undanfarin ár. Lkl. Sunna og Lkl. Dalvíkur vinna reyndar mikið saman allt árið um kring.

Við tókum þátt í Rauðufjaðrasöfnuninni í apríl og eflaust koma fleiri verkefni inn á borð hjá okkur. Við fundum tvisvar í mánuði, og á seinni fundinum í janúar tókum við inn nýjan félagar. Hann heitir Guðvarður Haraldsson, og vitum við af fleirum sem vilja koma í klúbbinn, þannig að Lionsklúbbur Dalvíkur dafnar vel.

*Tryggvi Kristjánsson
Fjölumðæmisstjóri
Blaðafulltrúi
Lkl. Dalvíkur.*



Inntaka nýs félaga.



Merki nælt í nýjan félagar.



Gjöf til Dalbæjar afhent.



Tækið kynnt fyrir vistmönnum.

Umhverfiskornið

Sá þessa skemmtilegu grein í Fréttablaðinu um það hvernig við getum endurunnið plastpoka, en það eru hönnuðir og mastersnemar í listkennslu við LHÍ sem skrifuðu greinina. Ég fékk leyfi frá einni af þeim til að birta hluta hennar. En þær eru að endurvinnna plastpoka í fjölnota töskur og burðarpoka. Þetta gæti verið skemmtilegt fjölskylduverkefni eða fjáröflunarleið í Lionsklúbbum og þáttur í að sporna við umhverfismengun.

Aðferð til endurvinnslu plastpoka:

-klippa þarf niður hliðarnar á plastpokanum og opna hann. Í sterkan burðarpoka þarf þrjú lög af plasti og má jafnvel nota fleiri.

-smjörpappír er lagður á strauborð og ofan á hann fara plastbútarnir, hver ofan á annan. Þá fer annað lag af smjörpappír ofan á plastið og svo er straujað varlega yfir. Ekki hafa járníð of heitt.

-Úr þessu verður mjög sterkt efni sem er svo saumað saman, í tösku eða innkaupapoka

-til að fá breidd í botninn má leggja hliðarnar niður neðst við hornið og sauma þvert á.

-hægt er að búa til höldur á pokann eða töskurnar til dæmis úr fjórum lögum af plasti. Höldurnar eru svo klipptar til og bræddar á pokann eða saumaðar á.

-fólk getur raðað saman pokum að vild og leikið sér með liti og munstur eða texta. Einnig er hægt að leggja efni eða myndir á milli laga af glærum plastpokum, sem sést þá í gegnum pokana.



Sá einnig fyrir nokkru grein í sama blaði frá konu sem þvæ alla plastpoka og notar þá aftur. Þetta fór hún að gera eftir að hún las að á einni mínútu eru notaðir um ein milljón plastpoka í heiminum og meðalnotkunartími hvers poka eru 20 mínútur áður en honum er hent, þ.e. úr búðinni og heim. Hún mundi líka að þetta hafði amma hennar alltaf gert, meðan hægt var að nota pokana. Hægt er að lesa nánar um þetta á facebook-síðunni – Fjölnota febrúar.

Leggjum okkar af mörkum til að fækka plastpokum í umhverfinu.

Mosfellsbær 06. febrúar 2015,

Ósk G. Aradóttir, umhverfisfulltrúi 109B

Munið

OPIÐ HÚS
í Lionsheimilinu

milli kl. 12:00-13:00

6. mars

Kaffi og kleinur

~ frjáls framlög ~

Léttar veitingar kr. 500



Ófréttir Lions
kl. 12:30

Allir velkomnir - Takið með ykkur gesti
Lionsheimilið Sóltúni 20, 105 Reykjavík, sími: 562-3200

